ÓKEYPIS EINTAK

MANNLÍF

12. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR – FÖSTUDAGUR 23. SEPTEMBER 2022

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ

Hryllingurinn á Laugalandi:

„Lokuð inni í tvær vikur”



„Hann lamdi mig mikið”

„Ég fyrirgef sumt”

„Ég var rosalega hrædd”



Velkomin heim



LIND FASTEIGNASALA

fastlind.is • nyjaribudir.is • eignaleit.is • frittverdmat.is

VILDARKORT LINDAR:

30% AFSLÁTTUR



HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:

SHELGASON · brautir & gluggatjöld · HÚSGAGNA HÖLLIN · DORMA · Betra BAK · Flügger litir · Parki · VÍDD · HÚSASMIÐJAN

DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Jón og Gunna eru ungt par sem keypti sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu í búðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
687.368 kr.

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Í hana vantaði öll ljós, parket og gardínur og sófinn sem hún átti var of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið,** sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu spöruðu hún sér:
458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endur-nýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Betra bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
1.442.500 kr.

Markaðsaðstæður á fasteignamarkaði í dag eru óvenjulegar

Það hafa aldrei verið færri eignir til sölu., sérstaklega þar sem fólk finnur ekki réttu eignina áður en það setur sína eigin á sölu. Það eru nokkrar leiðir færar til að leysa þessi mál sem við getum kynnt fyrir þér.

Settu heimilið þitt á sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili handa þér áður en þú selur.
Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat ásamt lýsingu á eigninni. Jafnframt mætum við með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur setjum við allt á fullt og hjálpum þér við kaupin á nýju heimili.

Ef við finnum ekki nýtt heimili, né seljum það gamla, tökum við enga þóknun fyrir.
Skráðu eignina eða fáðu tilboð í þjónustu og lausnir á **www.fastlind.is**

Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratuga reynslu á öllum aldri, allt **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynja-hlutfall tryggir það að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum.
Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum.
Flügger: 30% afsláttur af allri innimálningu.
S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.
Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum..
Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afsláttur gildir ekki á útsölum.



LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

MANNLÍF
Fréttir / Hlutverk / Lífsstíl / Menning / Ísland / Heimurinn

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason / **Útgáfustjóri:** Katrín Guðjónsdóttir **Gæðastjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Auglýsingastjóri:** Thelma Logadóttir **Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svava Jónsdóttir.
Útgáfufélag: Sólartún ehf.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Fréttamálið 6
Neytendamálið 12
Leiðarinn 14
Fjögur á förnum vegi 16
Fjölmiðlapistillinn 16
Orðrómur 16
Viðtalið 18
Úttekt - Laugaland 24
Helgarpistillinn 32
Lífsreynslusagan 34
Sveitalífið 36
Listin 40
Matgæðingurinn 46
Síðast, en ekki síst 50

Í GÓÐUM MÁLUM



Í SLÆMUM MÁLUM



Umsjón: Björgvin Gunnarsson

Tannlæknirinn Heimir Hallgrímsson, sem er í guðatölu hér á landi eftir að hafa aðstoðað Lars Lagerbäck við að koma karlaliði Íslands á Evrópumótið og síðan komið liðinu á Heimsmeistaramótið fyrir nokkrum árum, er heldur betur í góðum málum. Á dögunum var tilkynnt að Heimir hafi verið ráðinn aðalþjálfari karlaliðs Jamaíka í knattspyrnu en liðið er í 62. sæti á heimslistanum, einu sæti fyrir ofan Ísland. Heimir hefur verið eftirsóttur síðustu ár en hann þjálfaði katarska félagið Al-Arabi en hann yfirgaf liðið á síðasta ári og hefur undanfarið verið ráðgjafi Hermanns Hreiðarssonar hjá ÍBV í Bestu deild karla. Eyjamaðurinn tekur með sér þaulvana menn en Helgi Kolviðsson verður aðstoðarþjálfari og Guðmundur Hreiðarsson verður markmannsþjálfari liðsins. Þá verður Þjóðverjinn Sebastian Boxleitner styrktarþjálfari liðsins eins og þegar Heimir þjálfaði Ísland. Spennandi verður að sjá hvort Heimir nái að koma Jamaíka á HM, sem þá yrði í annað skipti sem liðið kæmist á það mót.



Flokkur fólksins er í nokkuð slæmum málum þessa stundina. Fyrst kom upp úr dúrnum að varaþingmaður flokksins tengdist hinu hræðilega hrossaníðsmáli í Borgarnesi þar sem svo virðist vera að illa hafi verið farið með hross af eigendum þeirra. Sagðist Inga Sæland, formaður flokksins hafa fengið algjört sjokk þegar hún frétti að varaþingmaður flokksins tengdist málinu. Þá var dóttir varaþingmannsins einnig tengd málinu en hún var í framboði fyrir Flokk fólksins í síðustu Alþingiskosningum og hefur unnið trúnaðarstörf fyrir flokkinn. Voru þær báðar beðnar um að stíga til hliðar sem þær og gerðu.


En þetta er ekki það eina sem skekið hefur flokkinn undanfarið en þrjár konur úr flokknum stigu fram á Akureyri og lýstu lítilsvirðandi framkomu í sinn garð og í sumum tilfellum kynferðislegri áreitni af hendi karlmanna í forystu flokksins fyrir norðan. Varaformaðurinn Guðmundur Ingi Kristinsson gaf út yfirlýsingu þar sem hann sagðist vilja boða til stjórnarfundar þar sem farið yrði yfir alvarlegar ásakanir um ólíðandi ramkomu í garð kvenleiðtoga flokksins á Akureyri. Nú er bara spurning hvað næsta skref Ingu Sæland verði en hún er þekkt fyrir að ganga hreint til verks.





REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

REYKJAVIK
RAINCOATS



Orðspor Íslands í Namibíu í rjúkandi rúst



Þróunarsamvinnustofnun Íslands eða ÞSSÍ starfaði frá 1981 til 2015 þegar hún var lögð niður og verkefni hennar sett undir Utanríkisráðuneytið. Meðal verkefna sem stofnunin stóð fyrir var þróunarstarf í Namibíu. Auk þess að útvega mannskap til hafrannsókna átti stofnunin þátt í að koma sjómannaskóla á laggirnar í Afríkuríkinu en hóf hann starfsemi árið 1994. Í skýrslu sem gerð var fyrir Utanríkisráðuneytið segir að skólinn starfi þar enn og vegni vel. Fyrrverandi kennari við skólann er á öðru máli.

Árið 2014 kom út skýrsla um þróunarsamvinnu Íslands sem gerð var fyrir Utanríkisráðuneytið. Þar var farið yfir þá þróunarsamvinnu sem Ísland hefur stundað undanfarna áratugi í hinum ýmsu löndum. Varðandi slíka samvinnu í Namibíu segir orðrétt í skýrslunni: Nýútkomin úttekt á samvinnu ÞSSÍ við stjórnvöld í Namibíu 1990 – 2010 sýnir fram á merkilegan árangur. Í henni kemur fram hvernig íslensk aðstoð í fiskigeiranum, sem átti sér stað á 20 ára tímabili, átti ríkan þátt í að byggja upp fiskiðnað í landinu sem nú stendur undir 4% af þjóðarframleiðslu og 9% á tímabili á árum áður. Þessi árangur er í úttektinni kallaður „raunverulegt iðnvæðingarkraftaverk. „Í landi þar sem voru engar atvinnuveiðar á fiski og almenningur var ekki vanur sjó og fiskveiðar voru nýstárlegar þá er þetta ekki lítill árangur," segir í skýrslunni. „Á mjög skömmum tíma varð sjávarútvegur í Namibíu ein af kjarnaiðngreinum í landinu, lagði til töluverðan hluta af þjóðartekjum og veitti fjölda fólks ný atvinnutækifæri."

Þá er einnig minnst á ágóða íslenskra fyrirtækja á þróunarsamvinnunni í Namibíu í skýrslunni: Íslensk fyrirtæki hafa að einhverju marki tekið þátt í – og notið góðs af – íslenskri þróunarsamvinnu frá fyrstu tíð. Þannig ruddi stuðningur á vegum ÞSSÍ við sjávarútveg í Namibíu brautina fyrir íslensk fyrirtæki á því sviði. Eftir tíu ára starfsemi ÞSSÍ í landinu, um aldamótin, bjuggu þar milli 60 og 70 Íslendingar á vegum ýmissa aðila.

Stefnulaust þróunarstarf

Sigurður Jónsson var kennari í Sjómannaskóla Namibíu og hefur allt aðra sögu að segja en fram kemur í téðri skýrslu.

„Þetta var svona lausbeislað þróunarstarf til að byrja með, án stefnu," sagði Sigurður Jónsson í samtali við Mannlíf en hann kenndi í skólanum á sínum tíma. Hann hélt áfram: „Það var engin stefna og hinir og þessir fengnir til að kenna á veiðarfæri og hinir og þessir fengnir til að gera hitt og þetta. En svo er ráðinn af skólanum Víðir Sigurðsson og hann er fenginn til þess að taka þetta svolítið fastari tökum. Og hann fær mig með sér og fyrir voru þar menn frá Noregi og Alfreð Steinar Rafnsson, kennari við skólann. Og þá var hugmyndin að gera þetta að almennilegum skóla. Og það hóf Víðir að gera, má segja."

Sagði Sigurður að Víðir hafi hins vegar aldrei fengið þau tök sem voru nauðsynleg og að „kerfi" Þróunarsamvinnustofnunarinnar hafi ætíð verið viðloðandi skólann. „Síðan er sendur maður þarna niður eftir sem að fór yfir reksturinn á þessu og það kemur í ljós að reksturinn er ekki til fyrirmyndar. Og þetta blandaðist allt saman sko, Namibíumenn sem vildu hafa puttana í þessu því það komu inn í þetta peningar, bæði frá Íslandi og Noregi og seinna Spáni og þar sem eru peningar saman komnir á einn stað, þyrpast saman menn sem vilja komast í þá. Og upp frá því var farið að tala um ýmsa hluti, eins og það að það þyrfti að leggja niður mikla meira langtímaplan og Íslendingarnir þyrftu að vera óháðir einhverjum pólitískum duttlungum. En pólitískir duttlungar urðu ofan á."

Sigurður sagði að fyrir vikið hefði skólinn aldrei orðið neitt. Sagði hann ennfremur að skýrsla um skólann sem gerð var eftir heimsókn starfsmanns Þróunnarsamvinnustofnunarinnar, hafi verið starfsmönnum hans mjög mikil vonbrigði því það virtist sem skýrslan hafi verið gerð fyrir þá sem pöntuðu hana. „Sighvatur Björgvinsson var framkvæmdarstjóri stofnunarinnar og Björn Ingi Hrafnsson var stjórnarformaður. Þannig að þetta var mjög pólitískt," sagði Sigurður og hélt áfram: „Og pólitíkin gat aldrei séð það að til þess að skilja vel við þennan skóla, hefðum við þurft að hafa eitthvað langtíma markmið og standa við það." Aðspurður hvort hann teldi að skýrslu-



Ármúli 17 www.vest.is s:620 7200



Namibian Maritime and Fisheries Institute

höfundi hafi verið ætlað að skila ákveðinni niðurstöðu um skólann svaraði Sigurður: „Ja sko, ég man eftir einni spurningu sem var svona; „Telur þú að skólinn hafi verið til góðs eða ills fyrir Namibíumenn?“. Og hverju svarar þú svona spurningu? Geturðu sagt nei og rökstutt það eða verður þú að segja já og allir verða glaðir? Þetta er ekki já og nei spurning. Það verður að skýra þetta mál aðeins öðruvísi. Og út af því að það var eiginlega ekki hægt að segja nei og færa rök fyrir því þá varð maður að segja já. Og þegar þeir eru búnir að leggja fyrir þig svona spurningar og það sýnir að þetta sé voða flott allt saman, þá geta þeir bara sagt „Ok! Nú erum við bara hættir og farnir.“, en skilja svo við þetta í lausu lofti.“

Íslendingar lélegir í langhlaupi

Sagði Sigurður að Víðir hafi hins vegar aldrei fengið þau tök sem voru nauðsynleg og að „kerfi“ Þróunarsamvinnustofnunarinnar hafi ætíð verið viðloðandi skólann. „Síðan er sendur maður þarna niður eftir sem að fór yfir reksturinn á þessu og það kemur í ljós að reksturinn er ekki til fyrirmyndar. Og þetta blandaðist allt saman sko, Namibíumenn sem vildu hafa puttana í þessu því það komu inn í þetta peningar, bæði frá Íslandi og Noregi og seinna Spáni og þar sem eru peningar saman komnir á einn stað, þyrpast saman menn sem vilja komast í þá. Og upp frá því var farið að tala um ýmsa hluti, eins og það að það þyrfti að leggja niður mikla meira langtímaplan og Íslendingarnir þyrftu að vera óháðir einhverjum pólitískum duttlungum. En pólitískir duttlungar urðu ofan á.“

Sigurður sagði að fyrir vikið hefði skólinn aldrei orðið neitt. Sagði hann ennfremur að skýrsla um skólann sem gerð var eftir heimsókn starfsmanns Þróunnarsamvinnustofnunarinnar, hafi verið starfsmönnum hans mjög mikil vonbrigði því það virtist sem skýrslan hafi verið gerð fyrir þá sem pöntuðu hana. „Sighvatur Björgvinsson var framkvæmdarstjóri stofnunarinnar og Björn Ingi Hrafnsson var stjórnarformaður. Þannig að þetta var mjög pólitískt,“ sagði Sigurður og hélt áfram: „Og pólitíkin gat aldrei séð það að til þess að skilja vel við þennan skóla, hefðum við þurft að hafa eitthvað langtíma markmið og standa við það.“ Aðspurður hvort hann teldi að skýrsluhöfundi hafi verið ætlað að skila ákveðinni niðurstöðu um skólann svaraði Sigurður: „Ja sko, ég man eftir einni spurningu sem var svona; „Telur þú að skólinn hafi verið til góðs eða ills fyrir Namibíumenn?“. Og hverju svarar þú svona spurningu? Geturðu sagt nei og rökstutt það eða verður þú að segja já og allir verða glaðir? Þetta er ekki já og nei spurning. Það verður að skýra þetta mál aðeins öðruvísi. Og út af því að það var eiginlega ekki hægt að segja nei og færa rök fyrir því þá varð maður að segja já. Og þegar þeir eru búnir að leggja fyrir þig svona spurningar og það sýnir að þetta sé voða flott allt saman, þá geta þeir bara sagt „Ok! Nú erum við bara hættir og farnir.“, en skilja svo við þetta í lausu lofti.“

Íslendingar lélegir í langhlaupi

Skólinn er enn starfræktur í Namibíu en starf Sigurðar og Alfreðs og fleiri starfsmanna skólans á sínum tíma, snéri að því að þjálfa kennara, búa til námsskrá og námsefni og takmarkið var að sögn Sigurðar að skólinn uppfyllti alþjóðlega staðla. „En það var aldrei gert. Þannig að ef skólinn hefði verið tekinn út af alþjóðlegu batteríi, þá hefði hann fallið á því prófi,“ sagði Sigurður í samtali við Mannlíf. Sagði hann ennfremur að hafi vantað töluvert upp á að takmarkinu væri náð og að loforðin sem gefin voru Namibíumönnum varðandi skólann, hafi verið uppfyllt.

Þróunarsamvinnunni í Namibíu var hætt í kringum 2014 en að sögn Sigurðar kom stjórn skólans til Íslands til að biðja um áframhaldandi aðstoð. „Sem var algjörlega nauðsynleg. En við höfum aldrei verið góðir í langhlaupi, við Íslendingar. Þetta var skammtímalausn alveg fram í fingurgóma. Þannig að þeir fóru heim án þess að fá nokkuð fyrir sína ferð,“ sagði Sigurður. Segir hann að ástandið í skólanum í dag sé ekki gott. „Eftir að þetta fór nú að verða svona, urðu miklar mannabreytingar. Það hélst illa í fólk. Og það komu þarna fólk sem við höfðum aldrei þjálfað eða kennt í kennslufræðum. Þannig að það hafa orðið mikil umskipti. Og það þýðir bara það að ef skólinn yrði skoðaður í dag fengi hann engan alþjóðlegan stimpil sem alvöru skóli. Ég hef alltaf litið svo á að það er okkar sök í þessu máli að hafa ekki staðið okkur gagnvart því. Þetta var bara dapurt,“ sagði Sigurður.

Skólinn uppfyllir ekki alþjóðlega staðla

Sigurður kemur aftur inn á úttektina sem gerð var fyrir Utanríkisráðuneytið: „Þú getur búið til skýrslu og látið allt líta vel út, það er ekkert vandamál. En ef það væri fólk sent þangað til að gera almennilega úttekt á skólanum, hver staðan væri í dag, þá kæmi hið sanna í ljós. Nú veit ég ekki hvort að sá sem biður um skýrslu, eins og Þróunarsamvinnustofnunin í þessu tilfelli, geti lagt línurnar um að þetta yrði að vera góð skýrsla. En svo má alveg segja það að miðað við stöðuna eins og hún var árið 1995 þá hafa orðið framfarir þarna en þær leiddu ekki til þess sem við lögðum upp með á sínum tíma. Að þarna yrði skóli sem yrði samþykktur af alþjóðlegum stofnunum.“ Segir kennarinn fyrrverandi að þeir skipstjórar sem lært hafa í skólanum yrðu beðnir um pappíra í einhverri höfninni út í heimi, gætu þeir lent í vandræðum. „Í dag er þetta þannig að ef þú ert yfirmaður á skipi og ferð í erlenda höfn, þá geturðu átt von á því að þurfa að sýna þína pappíra. Og þeir pappírar þurfa að hafa gildi fyrir alþjóðleg tryggingarsvæði. Því ef að það er ekki verður bara þitt skip stöðvað.“ Segir Sigurður að skírteini úr Sjómannaskólanum í Namibíu sé svipað og pungaprófið hér á landi: „Þú mátt sigla innan þinnar landhelgi en þú ferð raunverulega ekkert út fyrir hana.“

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina



Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.

Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.

Hitamælir gul önd
2.500 kr.

Hitamælir golfkúla
1.900 kr.

Höfuðpúði
5.900 kr.

Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

Geirslaug
279.000 kr.

Snorralaug
299.000 kr.

Gvendarlaug
189.000 kr.

Unnarlaug
310.000 kr.

Sigurlaug
(kaldi potturinn)
325.000 kr.

Grettislaug
259.000 kr.

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og líta ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

„Við eyddum alveg ofboðslegum pening í þetta," sagði Sigurður og bætti við að Norðmenn hafi einnig hent í þetta miklum fjárhæðum. „Þeir keyptu til dæmis svona siglingahermi og Víðir var að kenna mönnum að nota þann hermi. Þessi hermir samanstóð af fjórum PC-tölvum og þetta var meira svona eins og tölvuleikur. Ég veit ekkert hver er að kenna á þetta núna en þetta er löngu orðið úrelt." Segir Sigurður að það hafi verið eytt í ýmislegt á borð við herminn án þess að hugsa út í langtímamarkmiðin og án þess að uppfæra reglulega. „En það var ekkert óeðlilegt að settur væri í þetta pening en ég veit ekki hversu há sú upphæð er en hún var stór. Og þessum pening var hent. Það má alveg segja það. Þetta var alltaf í byrjendafasa og komst ekkert upp úr honum. Ég held að það hafi verið mörgum okkar ljóst að svona 10 ár í viðbót hefði verið alveg nauðsynlegur tími."

Áhugaleysi stjórnarinnar

Sigurður segir að áhugi stjórnar Þróunarsamvinnustofnunarinnar á skólanum hafi verið ansi lítill þegar hún kom í heimsókn til Namibíu. „Ég man sérstaklega eftir einu skipti þegar okkur var sagt að stjórnin ætlaði að koma að skoða skólann. Og við gerðum ráð fyrir því að þeir kæmu inn í stofurnar og ræddu við nemendur og svona. En svo komu þeir og rétt opnuðu hurðina og sögðu að þeir væru svo uppteknir að þeir mættu ekki vera að því að koma. Þetta var svolítið viðhorfið." Mannlíf spurði Sigurð hvað gæti hafa verið svo mikilvægt fyrir stjórnina að hún sæi sér ekki fært að skoða skólann sagði hann að til dæmis hafi veisluhöld verið haldin hjá landsstjóranum, Gísla Pálssyni. „Þetta var svona eins og allir vita, okkur var boðið í veislur Þar var bara allt flæðandi í áfengi og drasli. Þetta var bara sorglegt. En það var ýmislegt mikilvægara en skólinn. En þetta ekki okkur Íslendingum ekki til mikils hróss." Að lokum bendir Sigurður á að þetta verkefni hefði opnað allar dyr fyrir komandi útgerðir og átti þá við Samherja sem nú er rannsakað af yfirvöldum í Namibíu vegna meintr brota þar í landi.

Þorsteins þáttur Baldvinssonar

Ekki er hægt að tala um orðspor Íslands í Namibíu án þess að minnast á Samherjamálið svokallaða. Fyrirtækið er sakað um að hafa mútað ráðamönnum í Namibíu til að fá kvóta við strendur landsins en Samherji byrjaði að veiða þar árið 2012. Jóhannes Stefánsson fyrrum starfsmaður fyrirtækisins í Namibíu steig fram árið 2019 með ásakanir um mútur, spillingu og fleiri brot Þorsteins Más Baldvinssonar, framkvæmdarstjóra Samherja og fleiri manna innan fyrirtækisins sem og hátt settra Namibíumanna. Wikileaks birti Samherjaskjölin sem sýndu fram á að maðkur virtist sannarlega vera í mysunni. Eins og áður segir teygði málið anga sína inn í ríkisstjórn Namibíu sem brást hratt við en bæði dómsmála og sjávarútvegsráðherra voru látnir hætta og sex Namibíumenn hafa stöðu sakborninga í málinu og sitja í fangelsi og bíða réttarhalda. Málið vakti gríðarlega reiði í báðum löndum og nokkuð ljóst að orðspor Íslands hafi beðið hnekki í Namibíu.



Sighvatur Björgvinsson Ljósmynd: Althingi.is

Drógu saman seglin eftir Hrunið

Í samtali við Mannlíf sagði Sighvatur Björgvinsson, fyrrum framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að sér væri ekki kunnugt um óánægju með skólann í Namibíu. „Árið 2008 kom hrunið og þá neyddumst við til að draga mikið saman seglin. Við vorum með aðstoð í Sri Lanka en urðum að hætta henni. Við vorum með aðstoð við Guatemala, við urðum að hætta því. Og við urðum að draga mjög mikið saman seglin í Namibíu, "svaraði Sighvatur og hélt áfram: „Og það varð til þess að Víðir sem var skólastjóri og stóð sig afskaplega vel, hann hætti og verður umdæmisstjóri í staðinn og var það á meðan ég starfaði ennþá við stofnunina. Þannig að við urðum að hætta í þessum löndum vegna hrunsins. Segir Sighvatur að Íslendingar hafi verið orðnir einir eftir þarna. „Japanirnir voru hættir og Þjóðverjarnir voru hættir. En við vorum þeir einu sem eftir voru en skólastjórinn var íslenskur. Og hann og kennararnir þar stóðu sig mjög vel," svaraði Sighvatur og bætti því við að úttekt hefði verið gerð á vegum Afríkusambandsins þar sem skólinn var sagður besti sjómannaskóli sunnan Sahara. Þá nefndi hann fleira sem stofnunin gerði í Namibíu: „Síðan vorum við líka að gefa sjávarútvegsráðherranum ráð og hann setti upp kvótakerfi. Namibíska Sjávarútvegsráðuneytið tók ekki bara upp íslenska kvótakerfið heldur jafnframt gjaldtöku fyrir keyptan kvóta á markaðsverðlagningu, sem aldrei náðist á Íslandi. Sjávarútvegurinn var algjör nýlenda fyrir Namibíumenn sem voru nýkomnir með sjálfstæði. Þó svo að það hafi verið auðug fiskimið undan ströndum Namibíu höfðu þeir ekkert stundað þau. Fiskimiðin voru að mestu í annarra höndum. Þannig að þeir tóku þá ákvörðun að fá ekki bara okkur heldur Þjóðverja og Japani og fleiri til að hjálpa sér að byggja upp sinn eigin fiskiðnað. Og við hjálpuðum þeim einnig að setja á laggirnar landhelgisgæslu sem var engin fyrir. Þannig að Íslendingar höfðu það orð á sér í Namibíu að hafa unnið sín störf mjög vel."

Sighvatur segir að verkefninu hafi verið lokið þegar Samherjar komu til Namibíu. „Og ég get alveg sagt það að þegar við sem unnum að þessum verkefnum urðum fyrir miklu áfalli þegar við fréttum um Samherjamálið. Þetta var alveg skelfilegt. Ég er ansi hræddur um að orðsporið okkar þar í landi sé farið fyrir lítið."

Aðspurður um orð Sigurðar kennara um að það hefði verið skilið illa við skólann og að það hefði mátt vera í 10 ár til viðbótar til að koma honum betur frá sér sagði Sighvatur að það gæti verið rétt að það hefði verið betra að vera lengur. „En það getur vel verið, það má alltaf gera betur alla hluti eins og þú veist. Og það má alveg vel vera að við hefðum átt að vera lengur en þetta virtist standa bara vel þegar við fórum en það voru til dæmis nemendur að koma þangað frá öðrum löndum í Afríku því skólinn var búinn að skapa sér nafn." Að lokum vildi Sighvatur koma því að hvernig staðið var að öllum verkefnum sem ráðist var í hjá Þróunarsamvinnustofnuninni. „Það var unnið þannig að það var gert um það formlegt samkomulag við viðkomandi stjórnvöld. Samningurinn var þannig gerður að það var tekið fram hvað ætti að gera, hver árangurinn ætti að verða á hverju ári fyrir sig og þetta var kannski samningar til 10 ára og þar kom fram hvert ætti að stefna að tíu árum liðnum. Svo var fylgst með því árlega. Hefur þetta gengið eins og það átti að ganga og ef ekki þá þurftum við að gefa skýringar. Svo þegar þessu var lokið var gerð óháð úttekt af óháðum aðilum. Þetta var gert í öllum verkefnum sem við studdum."





Neytendamál
Guðrún Gunnsteinsdóttir



Orkukreppan kostar þig 86 þúsund á ári

Almennar bensínstöðvar með nánast algjörlega samræmt verð

Gríðarlegar hækkanir á eldsneytisverði kom mjög við fjárhag fjölskyldna. Frá því í ágúst 2021 og fram í september í ár hefur lítrinn af bensíni hækkað um 34 prósent. En frá því að lífskjarasamningurinn var gerður í apríl 2019 hefur bensínið hækkað um 41 prósent.
Í ágúst 2021 eyddi sá sem ók að meðaltali 1200 kílómetra á mánuði rúmum 29 þúsund krónum sem er rúmlega 7 þúsund króna hækkun frá því í ágúst í fyrra þegar sá hinn sami lagði út 22 þúsund krónur. Á ársgrundvelli er munurinn um 84 þúsund krónur.
Þetta miðast við bíl sem eyðir 10 lítrum á hundraði. Þetta er gríðarleg hækkun sem þýðir að fjölskylda sem heldur úti teimur bílum þarf að greiða 168 þúsund á ári aukalega vegna orkukreppunnar.

Samkeppni milli fyrirtækjanna sem selja bensín er sáralítil ef marka má skyndikönnun Mannlífs á orkuverði um miðjan september. Aðeins ein bensínstöð, Costco í Garðabæ, sker sig úr. Þar er þó aðeins um að ræða eina bensínstöð og flestir þurfa að leggja lykkju á leið sína með tilheyrandi kostnaði og aka langar leiðir til að ná sér í ódýrara eldsneyti. Lægsta verð á bensíni hjá Costco er 296 krónur.

Langódýrasta bensínið fæst í Costco.
Ef þú ert með aðild hjá Costco og verslar allt bensín þar og keyrir 1200 kílómetra mánuði miðað við eyðslu 10 lítra á hundraði á mánuði þá er sparnaðurinn krónur 3.624 krónur á mánuði eða rúmlega 43 þúsund krónur á ári. Þegar tekið hefur verið tilllit til kostnaðar vegna aðildar að Costco, 4800 krónur á ári, er sparnaður 39 þúsund krónur.

Hæsta bensínverðið er hjá N1. Almennt verð þar er 326 krónur á lítrann. Þar munar því rúmum 30 krónum á hvern líter ef litið er til Costco. Það þýðir að sá sem fyllir 60 lítra tank þarf að greiða 1800 krónum meira en hjá Costco. Ef litið er almennt bensínverð á öllum stöðvum er munurinn aðeins 2 til 3 krónur. Það þýðir að viðskiptavinurinn sem ber sig eftir lægsta verðinu sparar innan við 200 krónur á tankinum, í besta falli.
Lægsta verð hjá Orkunni er á Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi. Með Orkulykli færðu 12 kr. afslátt en þó ekki hjá ódýrustu stöðunum. Með því að nota lykil hjá Orkunni í Njarðvík þar sem verðið er 311 krónur færðu líterinn á 299 krónur sem er ódýrara en á ódýrustu stöðvunum. Ódýrasta bensínið hjá Olís er á Akureyri. Ódýrasta bensínið hjá hjá ÓB er á Hlíðarbraut Akureyri, Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup og Hamraborg.
Ódýrasta bensínið hjá N1 er á Tryggvabraut Akureyri, Skógarlind, Reykjavíkurvegi og Norðurhellu.

Hjá Atlantsolíu fá félagar í FÍB 16 kr. afslátt en þó ekki af þeim stöðvum sem eru ódýrastar. Almennur afsláttur er 5 krónur á lítra ef greitt er með lykli. Lægsta verð hjá Atlantsolíu er í Kaplakrika, Sprengisandi og Baldursnesi Akureyri. Margir nýta sér lykla hjá stöðvunum og ná hagstæðara verði.

Það er vandséð hvernig fólk getur haldið niðri kostnaði á eldsneyti með verðsamanburði. Verðlagning olíufélaganna er þannig að sáralítill munur er almennt á verðinu. Afslættir á einstökum stöðvum eru tilviljanakenndir og engin leið að elta slíkt til að ná fram sparnaði í raun.



Leiðir til að spara bensín

1. Veldu bíl sem er sparneytinn.

2. Allt sem gert er til að draga úr bensíneyðslu sparar peninga

3. Hafðu í huga að hægt er að fá hjólbarða sem draga úr núningsmótstöðu vegar.

4. Gakktu eða hjólaðu styttri vegalengdir.

5. Skipuleggðu samflot í bíl með öðrum.

6. Skipuleggðu útréttingar.

7. Hraðakstur eykur bensíneyðslu. Aktu á löglegum hraða.

8. Sparaðu inngjöfina og forðastu snögghemlun. Þú sparar bensín og dregur úr mengun.

9. Skiptu reglulega um olíu, loft- og olíusíu.

10. Hafðu loftþrýsting í hjólbörðunum sem næst því hámarki sem framleiðandi gefur upp. Það dregur úr bensíneyðslu og eykur endingu hjólbarðanna.

11. Mjög mikilvægt er að stilla gang bílsins.

12. Aktu ekki með óþarfa hluti sem auka þyngd bílsins. Hvert aukakíló í bílnum þýðir aukna bensínnotkun.

13. Forðastu að aka um með tóma farangursgrind eða opna glugga, það eykur verulega loftmótstöðu og þar með bensíneyðslu og mengun.

*Sparnaðarráð FÍB.
Upplýsingar um verðþróun frá ASÍ
*Eldsneytisverð 13.09.22
*Aðild að FÍB kostar kr 9.180
en þar eru ýmis fleiri fríðindi í boði.





Leiðarinn

Reynir Traustason



Sannleikurinn um Ingjald

Við viljum ekki vera svona samfélag þöggunar um illskuverk

Kolsvört skýrsla um unglingaheimilið að Laugalandi undirstrikar það sem lengi var vitað, að meðferðin á unglingsstúlkum sem þar dvöldu var skelfileg. Andlegt ofbeldi og hverslags kúgun var algeng. Stúlkur á villigötum sem þurftu umfram allt á hlýju og öryggi að halda lentu inni í þeim hryllingi sem skýrslan lýsir. Við sem trúðum því að sú meðferð sem Breiðuvíkurbörnin sættu væri að baki þurfum að horfast í augu við að nútíminn er trunta ekki síður en fortíðin. Djöfulskapur gegn ungu og hjálparvana fólki er enn til staðar.

Vitnað er til þess í skýslunni að hartnær 90 prósent þeirra unglingsstúlkna sem vistaðar voru á Laugalandi, áður Varpholti, upplifðu ofbeldi af hálfu Ingjalds Arnþórssonar forstöðumanns. Um helmingur stúlknanna varð fyrir líkamlegu ofbeldi. DV tók upp mál stúlknanna á Laugalandi síðsumars árið 2007 og sagði átakanlega sögu stúlknanna sem þar dvöldu. Umfjöllun DV varð til þess að blaðamaður, sem fjallaði um málið, var dæmdur til að greiða Ingjaldi og eiginkonu hans háar bætur. Þetta var á grunni þess að blaðamaðurinn hefði ekki getað sannað að hann hefði haft rétt eftir bróður Ingjalds í umfjölluninni. Dómarinn tók þar undir með dólginum sem nú hefur verið stimplaður fyrir gjörðir sínar. Eftir stóð að boðberi illra tíðinda var afgreiddur. Þöggunin náði alla leið.

Sannleikurinn um Ingjald er enn kominn fram að ákveðnu marki. Framburður stúlknanna sem þurftu að sæta því ofbeldi sem skýrslan lýsir er trúverðugur og verður ekki hrakinn lengur. Eftir stendur að Barnaverndarstofa, sem hafði eftirlitsskyldu gagnvart heimilinu, brást algjörlega í þessum málum. Í einhverjum tilvikum kvörtuðu stúlkurnar til yfirvalda yfir illri meðferð. Því var í einhverjum tilvikum lekið til ofbeldisfólksins. Afleiðingin var sú að þær stóðu einar á bersvæði illskunnar og hvergi skjól að finna.

Tíðarandinn á árum áður var gjarnan sá að allt var leyfilegt í því skyni að berja á vandræðaunglingum. Krakkar sem leiddust inn á brautir eiturlyfja og glæpa voru lægra metnir en skepnur. Þetta viðhorf leiddi til þeirra óhæfuverka sem unnin voru á upptökuheimilinu í Breiðuvík og seinna á Laugalandi. Allt bar að sama brunni. Krakkagrey sem lentu á villigötum urðu réttlaus í klóm brenglaðs fólk sem hneigðist til ofbeldis undir þeim formerkjum að betra börnin sem áttu að vera í skjóli þeirra.

Sem manneskjur verðum við að gera upp þessi mál með sama hætti og Breiðuvíkurmálinu var lokað. Stjórnvöld verða að bæta fyrir skepnuskapinn á Laugalandi og bæta þann harm og þau grimmu örlög sem hlutust af dvölinni þar. Sama er uppi á tengingnum í öðrum málum þar sem farið var offari gegn smælingjum. Vöggustofumálið í Reykjavík er eitt þeirra mála. Geirfinnsmálið er mál af sama toga. Sævar Ciesielski, Erla Bolladóttir og fólk þeim tengt voru nánast tekin af lífi af þeim sem áttu standa vörð um réttlætisgyðjuna. Vegna þess að þau voru á villigötum í lífi sínu þótti sjálfsagt að læsa þau inni mánuðum saman, beita andlegu ofbeldi, og taka af þeim öll mannréttindi.

Við viljum ekki vera svona samfélag þöggunar um illskuverk. Það jákvæða er að sannleikurinn um fantaskap Ingjalds er kominn fram og nánast meitlaður í stein. Eftir að þó að vinna úr málinu. Rétta þarf hlut stúlknanna og bæta þeim tjónið eins og hægt er. Sjálfsagt eru sakir gerendanna fyrndar en við megum aldrei aftur verða uppvís að slíkum fólskuverkum.





Heima með Þóru Birnu:

Veggir nýja heimilisins eru sannkallað listaverk. Hjónin völdu litaða spartlið KC14 í litnum Lava fyrir stofuna og eldhúsið. Aðrir fletir á heimilinu voru máladir með mattri áferð í litnum 5376 Global Grey og það setur nútímalegan og fallegan svip á húsið. Stíllinn hjá Þóru Birnu einkennist af svörtum innréttingum og húsgögnum með fallegum skreytingalausnum.

Flügger COLORS THAT MATTER

Finnur þú fyrir verðhækkunum á matvöru?

Umsjón: Lára Garðarsdóttir



Jón Birgir
„Ekki þannig að ég hafi tekið eftir því sjálfur."



Ólafur
„Já, ég geri það alveg."



Ragnheiður Einarsdóttir
„Nei, ég viðurkenni það. Ég er ekkert mikið búin að vera að spá í því."



Karen Rut:
„Já."



Fjölmiðlapistillinn
Svanur Már Snorrason



Sá yðar sem syndlaus er
– Prúgandi þögn Þjóðkirkjunnar

Mannlíf hefur undanfarið fjallað um mál sem snertir Þjóðkirkjuna á Íslandi: Presti á eftirlaunum var meinað að jarðsyngja konu sem hann var í miklu og góðu sambandi við; var hann fjölskylduvinur og var ósk þess efnis að hann myndi jarðsetja konuna komin frá henni sjálfri og nánustu aðstandendum.

Neitunin kom áðurnefndri fjölskyldu í opna skjöldu, sem vildi eðlilega fá svar eða svör frá Þjóðkirkjunni vegna neitunarinnar.

Svarið barst níu dögum síðar, en þá voru tveir dagar liðnir frá útförinni. Þar var sagt að séra Gunnar Björnsson, sem er presturinn sem um ræðir, væri ekki lengur í þjónustu hjá Þjóðkirkjunni. Ekkert var tiltekið hvers vegna hann mátti ekki sjá um útförina.

Fjölskyldan sá sitt óvænna og fékk annan prest til að jarðsyngja hina látnu. Séra Önundur S. Björnsson, einnig prestur á eftirlaunum, tók að sér verkefnið. Miðað við það er það öruggt að ekki var séra Gunnari bannað að sjá um útförina áðurnefndu vegna þess að hann væri kominn á eftirlaun.

Mannlíf sendi samskiptastjóra Biskupsstofu, Pétri Georg Markan, einfalda fyrirspurn sem hljóðaði svo:

Komdu sæll og blessaður Pétur, og afsakaðu ónæðið. Svanur Már Snorrason heiti ég og er blaðamaður á Mannlífi. Ég er með fyrirspurn. Þegar prestar komast á „aldur" – 67 til 70 ára, mega þeir samt sem áður sjá um til dæmis brúðkaup, skírnir og jarðarfarir? Eða hætta þeir einfaldlega allri þjónustu á vegum Kirkjunnar eftir að eftirlaunaaldri er náð?

Ekkert hefur borist svarið. Þrátt fyrir ítrekun.

Vissulega hefur áður komið fram í fjölmiðlum að séra Gunnar var til rannsóknar hjá Þjóðkirkjunni. Og það hefur komið fram að hann var sýknaður; en engin skýring fæst frá Þjóðkirkjunni hvers vegna biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, ákvað að úthýsa séra Gunnari, sem er með hreinan skjöld.

Séra Gunnar var sýknaður á sínum tíma, bæði í undirrétti og Hæstarétti, af ásökunum um að hafa misboðið ungum stúlkum.

Því er spurt:

Hvers vegna má séra Gunnar ekki þjóna Þjóðkirkjunni? Og hvers vegna svarar Agnes biskup og Pétur samskiptastjóri ekki einfaldri fyrirspurn - hafa þau eitthvað að fela?

Það er alvarlegt þegar risastór og opinber stofnun eins og Þjóðkirkjan hegðar sér með slíkum hætti eins og lesa má um varðandi mál séra Gunnars. Og enn alvarlegra þegar æðstu stjórnendur stofnunarinnar sjá sér ekki einu sinni fært að svara einföldum fyrirspurnum fjölmiðla.

Orðrómur

Davíð í fýlu



Í mánuðinum spurðust út þau stórtíðindi að **Davíð Oddsson**, ritstjóri Morgunblaðsins, væri hættur að tala við sinn gamla vin **Jón Steinar Gunnlaugsson** lögmann. Um árarаðir voru Davíð og Jón Steinar mjög samrýmdir. Þriðja hjólið undir þeim vagni var prófessorinn **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**. Þremenningarnir mynduðu kjarnann í svonefndri náhirð Davíðs og höfðu gríðarleg völd í forsætisráðherratíð þess síðastnefnda. Jón Steinar sagði frá vinslitunum í hlaðvarpi **Sölva Tryggvasonar** og var svo að skilja að Davíð hefði misboðið því hann hætti skyndilega að tala við fornvin sinn …







Forpokaður Guðmundur



Guðmundur Andri Thorsson, fyrrverandi alþingismaður, skaut sig í fótinn eftir andlát **Elísabetar Bretadrottningar**. Á meðan flestir syndu hinni föllnu drottningu virðingu fór Guðmundur, sem reyndar er annálað prúðmenni, hamförum í andúð sinni á konungsveldinu. Hann gerði gys að hinni nýlátnu drottningu og sagði um hana „augljóslega þjálfuð í að ganga með þungar orðabækur á hausnum og masa við alls konar fólk …" Konungssinnar eru ósáttir en aðrir gleðjast yfir þeirra forpokun Guðmundar Andra sem felst í ótímabærum yfirlýsingum hans …




Ragnar í vanda



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, er einn allra kraftmesti verkalýðsleiðtogi Íslands. Hann hefur lýst vilja sínum til að verða forseti Alþýðusambands Íslands og taka við af **Drífu Snædal** sem hraktist úr embætti eftir átök við Ragnar og **Sólveigu Önnu Jónsdóttur**, formann Eflingar. Ragnar er í nokkrum vanda vegna fjöldauppsagna á skrifstofu Eflingar. VR hefur nú ákveðið að fara í mál við Eflingu vegna brottreksturs trúnaðarmanns á skrifstofu félagsins. Óljóst er hvaða þátt Ragnar Þór á í þeirri ákvörðun en víst er að þetta getur sett mark sitt á vináttu og samstöðu hans og Sólveigar Önnu. Framtíðin leiðir í ljós hversu djúpt það mun rista …







Kristrún mun rokka




Einsýnt er að **Kristrún Frostadóttir** verður formaður Samfylkingarinnar í haust. Kristrún þykir vera einstaklega rökföst og kemur vel fyrir. Þá er talið líklegt að henni muni takast að koma flokknum upp í fylgi og jafnvel inn í ríkisstjórn. Andstæðingar hennar halda því á lofti að hún muni líklega vilja vinna með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn ef til kemur. Öllu líklegra er að henni takist að sameina vinstrið og miðjuna. Kristrún er svar Samfylkingar við **Katrínu Jakobsdóttur**, sem er ung og eldklár. Það telst vera jákvætt að meirihluti stjórnmálaflokka á Íslandi státar nú að konum á formannstólum. Einhverjir telja það aðeins vera tímaspursmál að Lilja Alfreðsdóttir verði formaður Framsóknarflokksins. Þá eru það aðeins mosagróni **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, og **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, sem standa eftir í þessu gamla karlavígi …











Viðtal
Svava Jónsdóttir



Brynja Skúladóttir:

„Ég hef ekki gert þetta mál upp”

Brynja Skúladóttir er ein kvennanna sem dvöldu á sínum tíma á meðferðarheimilinu Varpholti sem síðar fékk nafnið Laugaland. Hún talar um nýútkomna skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sem sýnir fram á að meirihluti þeirra kvenna sem tekin voru viðtöl við í tengslum við skýrsluna hafi upplifað andlegt ofbeldi sem lýsti sér í óttastjórn, harðræði og niðurbroti.

Brynja talar líka um áföllin í fjölskyldunni, reiðina sem braust út á unglingsárunum sem lýsti sér í miklum hegðunarvanda, hún segir frá dvölinni á Varpholti og áhrifum áfallanna og ofbeldisins á sig og hvernig það hefur mótað hana. Hún er í lokin spurð hvort hægt sé að fyrirgefa svona ofbeldi.

„Þessi skýrsla skiptir bara öllu máli. Hún skiptir mjög miklu máli upp á að fá viðurkenningu á að hafa orðið fyrir ofbeldi og það hafi verið gert á okkar hlut," segir Brynja Skúladóttir hugbúnaðarverkfræðingur en hún dvaldi í tæp tvö ár á unglingsárunum á meðferðarheimilinu Varpholti sem síðar varð Laugaland. Niðurstaða nýútkominnar skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sýnir fram á að meirihluti þeirra kvenna sem tekin voru viðtöl við í tengslum við skýrsluna hafi upplifað andlegt ofbeldi sem lýsti sér í óttastjórn, harðræði og niðurbroti. Þá kemur fram að rúmlega helmingur kvennanna sem rætt var við og sem dvöldu þar hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi.

ÉG HELD AÐ 38% ÞEIRRA SEM RÆTT VAR VIÐ HAFI SAGST HAFA ORÐIÐ FYRIR LÍKAMLEGU OFBELDI.

„Ég kláraði að lesa skýrsluna í nótt," segir Brynja en viðtalið var tekið daginn eftir að skýrslan kom út, „og mér finnst margt í henni vera vel unnið og ég er ánægð með það en svo finnst mér vanta sérstaklega tvennt í hana. Það er aðallega varðandi líkamlegt ofbeldi; ég held að 38% þeirra sem rætt var við hafi sagst hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en í skýrslunni kemur fram að það sé mat höfundar hennar að ekki séu neinar áreiðanlegar vísbendingar um að alvarlegu kerfisbundnu ofbeldi hafi verið beitt. Ég skil ekki alveg þá niðurstöðu því að frásagnir okkar eru náttúrlega gögn. Mér finnst líka hafa verið skautað framhjá varðandi ábyrgð forstjóra Barnarverndarstofu. En annars er ég bara mjög ánægð."

Mikið hegðunarvandamál

Brynja segist hafa alist upp á nokkrum stöðum á æsku- og unglingsárunum. Foreldrar hennar skildu þegar hún var sex ára og bjó hún fyrstu árin eftir skilnaðinn hjá móður sinni og flutti síðan til föður síns. Þá bjó hún hjá ömmu sinni á Húsavík um tíma. Hún var 10 ára þegar bróðir hennar lést 18 ára gamall. Hann hafði lent í bílslysi og lést eftir að hafa í kjölfarið dvalið á sjúkrahúsi í marga mánuði. „Þetta var hrikalegt. Hann var svo ungur.

Á sama tíma steig ég og systir mín fram varðandi misnotkun sem átti sér stað þegar við vorum yngri; við og fleiri kærðum síðan viðkomandi og fékk hann dóm.

ÉG SÓTTIST MIKIÐ Í NEIKVÆÐA ATHYGLI OG VAR BARA ROSALEGA REIÐ SEM UNGLINGUR.

Þetta voru mjög erfiðir tímar. Þessi tími er svolítið í móðu. Foreldrar mínir eru yndislegir en stundum gerist lífið og við náðum einhvern veginn ekki að höndla það. Það kom upp áfall eftir áfall í fjölskyldunni og það var bara mjög erfitt hjá öllum. Í rauninni var öll fjölskyldan í lamasessi. Við einhvern veginn náðum ekki að glíma betur við þetta. Ég var á viðkvæmum aldri þegar bróðir minn dó og mamma og pabbi skilin og ég tókst á við lífið með mótþróa og var mjög reið. Ég sóttist mikið í neikvæða athygli og var bara rosalega reið sem unglingur. Ég lenti mikið í útistöðum við foreldra mína en mér fannst þau ekki skilja mig. Mig langaði rosalega til að komast í burtu."

> *Um leið og maður náði að fatta að leika þennan leik þá lærði maður að lifa í þessum aðstæðum*

Hún fór að drekka 13 ára gömul og fór að skrópa í skólann og kom stundum ekki heim heilu næturnar. Ýmislegt var gert og hitti hún meðal annars félagsfræðing.

Ákveðið var að senda Brynju á meðferðarheimilið Varpholt vegna mikils hegðunarvandamáls.

„Mér fannst það ekki vera neikvætt að verða send þangað. Ég hlakkaði til því mér leið illa. Ég vildi fá hjálp. Foreldrar mínir vildu líka fá hjálp. Þau voru alveg búin á því. Mér fannst ekki svo vitlaust að senda mig á þetta meðferðarheimili. Það þurfti eitthvað að gera."

Þetta var hræðilegt

Það var um haustið 1998 sem Brynja kom í Varpholt.

„Ég fékk rosalegt sjokk kvöldið eftir að ég kom. Þetta er svolítið í móðu en ég man að ég fékk áfall og velti fyrir mér hvert ég væri komin. Mér fannst forstöðumaðurinn vera svo rosalega strangur og ég varð strax mjög hrædd við hann. Mér fannst þetta ekki vera heimilislegt. Ég var komin inn á stofnun. Það voru öll réttindi tekin af manni."

Brynja var í Varpholti, sem síðar fékk nafnið Laugaland, í 20 mánuði.

„Það er mjög langur tími."

Hún segir að þessi tími hafi einkennst af ofbeldi og ótta.

„Hann lét mann strax finna að það þýddi ekki að vera með mótþróa. Ég var alltaf hrædd og ég lærði að segja það sem ég hélt hann vildi heyra og mér leið oft eins og ég væri í leikriti. Ég gat aldrei talað um vandamál mín. Ég gat aldrei sagt hvernig mér leið eða hvað ég vildi því þá væri ég í vondum málum. Og þá missti ég réttindi mín eða var tekin fyrir. Þannig að um leið og maður náði að fatta að leika þennan leik þá lærði maður að lifa í þessum aðstæðum. En þetta var hræðilegt. Þetta var svo mikil stofnun. Maður sat ekki í sófanum og horfði á sjónvarpið, það var ekki einhver sem tók utan um mig og ég fór ekki í ísskápinn og fékk mér eitthvað að borða eins og fólk gerir heima hjá sér.

Ég var á stofnun. Ég var mjög einmana og það var oft sagt við mig að foreldrar mínir vildu ekki hafa mig, að mömmu væri sama um mig og að ég væri svo undirförul. Þetta var hluti af ofbeldinu og ég fór fljótlega að trúa þessu. Ég upplifði mikla höfnun."

Tvíburasystir Brynju dvaldi einnig í Varpholti um tíma.

„Mér finnst leiðinlegt að hún hafi líka þurft að vera þarna en ég hafði hennar stuðning. Hún er aðeins meiri töffari en ég; ég er aðeins bældari. Hún svaraði forstöðumanninum eitthvað af því að hann hafði tekið allan peninginn af henni og öll réttindi og þá var henni skellt í gólfið og hún tekin hálstaki.

Ég horfði á þetta gerast og þorði ekki að gera neitt. En þetta var í fyrsta skipti sem ég sagði Barnaverndarstofu frá. Þá stóð ég fyrst upp; ég sagði frá. Ég hefði aldrei gert það fyrir sjálfa mig en mér fannst erfitt að horfa á systur mína í þessum aðstæðum."

Kölluð heimsk og drusla

Brynja er spurð hvað hafi verið það versta á þessum tíma og hún talar um hópfundi. Hún segir að þá hafi ein stelpa verið tekin



Sextíu og níu árum seinna erum við fjölskyldan enn að sinna því sama, þó sú danska sé löngu horfin á vit feðra sinna.

Komdu með viðkvæma fatnaðinn, leðrið, rúskinnið ... og hatt ef þú átt.

Líkt og afi sagði „Við hreinsum allt nema kuskið af hvítflibbanum"

EFNALAUGIN BJÖRG
Álfabakka 12 Sími 557 2400
MJÓDD

fyrir og starfsmenn hafi sagt mjög ljóta og niðurlægjandi hluti. „Það var oft eitthvað niðrandi til dæmis um mig eða foreldra mína. Það var farinn hringurinn og allar stelpurnar þurftu að taka þátt; koma með eitthvað sem viðkomandi þyrfti að „lagfæra varðandi sjálfa sig". Þetta hætti ekki fyrr en maður var sammála þessu og stundum var það ekki nóg til þess að þau myndu hætta. Maður fór á endanum að trúa þessu sjálf.

Ég var 14-15 ára og hafði komið úr erfiðum aðstæðum og þá þurfti mjög lítið til til að ég tryði því að ég væri til dæmis heimsk, að það yrði ekkert úr mér og ég væri drusla. Þetta fannst mér vera erfiðast.

> ÞAÐ VAR ALDREI FARIÐ Í AF HVERJU ÉG VÆRI MEÐ SVONA MIKINN HEGÐUNAR-VANDA

Rétt áður en ég slapp frá staðnum var ég tekin fyrir að drekka í leyfi. Hann varð ofsalega reiður við mig og lamdi mig mikið. Ég bað um að fá sjúkrabíl til að komast þaðan. Þegar ég var svo send aftur þá lokaði hann mig inni í herbegi í tvær vikur. Það var versti tími sem ég hef upplifað. Ég var rosalega hrædd en líka alveg niðurbrotinn.

Ég var þarna í 20 mánuði og fór svo í fósturvistun og maður mótaðist af því. Ég var bara stofnanamatur. Ég þurfti ekki að taka neina ábyrgð og það voru öll réttindi og ábyrgð tekin af mér. Þetta er ekki gott. Ég var ekki búin að finna út úr því fyrir hverju ég þurfti að standa í lífinu. Það var aldrei farið í af hverju ég væri með svona mikinn hegðunarvanda."

Brynja segist hafa orðið vitni að mörgu og að komið hafi verið verr fram við sumar stelpur en aðrar.

„Við stelpurnar „normalíseruðum" ákveðna hluti; það er til dæmis ekki heilbrigt að senda okkur til kvensjúkdómalæknis án okkar samþykkis og á þeim forsendum að við værum svo miklar druslur eða að láta okkur allar ganga í eins sundbolum sem þau völdu sjálf því okkar væru of druslulegir."

Brynja fór til fósturforeldra þegar hún losnaði frá Varpholti og 16 ára fór hún út á vinnumarkaðinn og fór að leigja. Hún fór síðar í nám og háskólanám og er BSC -hugbúnaðarverkfræðingur og vinnur sem forritari.

Fyrirgefur sumt

Dvölin í Varpholti hafði mikil áhrif á Brynju. „Ég var í mjög týnd í mörg ár. Ég var brotin og trúði því sem hafði verið sagt við mig á þessum stað. Þetta markaði mig mjög mikið og gerir örugglega ennþá. Ég er bara það lánsöm að ég náði einhvern veginn að standa upp og mennta mig og ég á frábært líf í dag. Ég er í góðri vinnu og á fjölskyldu þannig að félagslega staðan er góð. En hún hefði getað orðið önnur og stór hluti af hópnum er ekki í góðri félagslegri stöðu. Við sem komum fram áttum erfitt með það; mig langaði ekki til að opinbera þennan hluta af mér við almenning. Ég skammaðist mín fyrir hann og hluti af mér skammast sín ennþá. Það gátu ekki allir tekið boltann og ég er stolt af mér og auðvitað á maður ekki að þurfa að skammast sín. Ég hugsaði ekki um þetta í mörg ár; ég lokaði á þetta eins og margar gerðu."

ÉG FÓR HEIM OG HÁGRÉT
ÞEGAR SKÝRSLAN KOM ÚT.

Hún segist 23 ára gömul hafa ætlað að standa með sjálfri sér og fór til Stígamóta og til sálfræðinga. „Ég var í mikilli sjálfsvinnu í nokkur ár en ég þarf klárlega að halda áfram. Ég finn alveg að ég hef ekki gert þetta mál upp. Ég fer alveg í baklás þegar þetta mál kemur upp og það kemur alltaf á óvart hvað það hefur mikil áhrif á mig. Ég fór heim og hágrét þegar skýrslan kom út. Mér fannst vera erfitt að lesa hana. Við höfðum tilkynnt þetta á sínum tíma til forstjóra Barnaverndarstofu og það kom stór umfjöllun um þetta í DV árið 2007; það hafa ítrekað komið kvartanir og það skiptir máli að fá viðurkenningu um að þetta hafi verið rangt."

Brynja segir að hún hafi í mörg ár eftir dvölina í Varpholti átt erfitt með að tengjast og treysta fólki. „Ég er enn þannig. Ég þarf að vanda mig við að tengjast fólki og treysta því."

Hvað hefur Brynja lært af því að hafa upplifað áföll á æsku- og unglingsárunum?

„Ég er aðallega stolt yfir því að hafa staðið með mér. Að standa með sjálfri mér. Þessi barátta er ekki bara fyrir mig heldur tengist þetta einhverri réttlætiskennd. Ég á yndislegar vinkonur í þessum hóp og ég er bara mjög stolt af okkur stelpunum. Ég á einn strák sem er alger snillingur og ég hef reynt að vanda mig með hann. Ég hef alltaf hugsað að það skipti svo miklu máli að vera tengd barninu sínu. Þetta hefur mótað mig sem móður alveg pottþétt.

Ég finn að þessi reynsla hefur mótað og gert mig sterkari og að þessari konu sem ég er í dag.

Ég hef lært rosalega mikið af þessari reynslu en þetta hefur líka aftrað mér. Ég hef oft verið til baka af því að ég hef ekki haft trú á sjálfri mér. Ég hef þurft að fara gegn mínum vilja til að sækja mér nám og hafa trú á mér. Ég hef fundið að það hefur þannig haft neikvæð áhrif.

Ég held að öll reynsla geti gert okkur að betri manneskjum."

Hún er spurð hvort hún sé reið og bitur.

„Ég er hæfilega reið og það kemur upp reiði þegar ég les skýrsluna en ég reyni að sleppa henni til að hún móti ekki líf mitt. Ég er ekki bitur af því að það myndi bitna á sjálfri mér."

ÉG FYRIRGEF SUMT EN SUMU
VERÐ ÉG AÐ SLEPPA TÖKUNUM Á.

Er hægt að fyrirgefa svona ofbeldi?

„Já, kannski. Maður reynir að skilja. Hluti af því að halda áfram er að ná tökum á lífinu og verða eitthvað til að geta sleppt ákveðnum hlutum í lífinu; sleppt tökunum og ákveðið að maður ætli ekki að vera með þá hlekki í lífinu og draga þá áfram. Maður kannski fyrirgefur ekki öllum en maður reynir að láta þau ekki hafa áhrif á sig. Ég skil ekki hvernig hægt er að vera svona vondur við börn. Ég skil ekki hvernig hægt er að horfa fram hjá. Ég veit að það voru ekkert allir vondir sem voru á Varpholti og örugglega margir sem hafa ætlað að gera gott í upphafi. Ég fyrirgef sumt en sumu verð ég að sleppa tökunum á."





Nærri 90 prósent þeirra unglingsstúlkna sem vistaðar voru að meðferðarheimilinu Laugalandi, áður Varpholti, upplifðu ofbeldi af hálfu Ingjalds Arnþórssonar forstöðu manns. Yfirgnæfandi meirihluti stúlknanna, nánar tiltekið 88 prósent þeirra eða 30 stúlkur af 34, upplifði andlegt ofbeldi af hans hálfu og um helmingur þeirra ýmist varð fyrir eða varð vitni að líkamlegu ofbeldi á meðferðarheimilinu.

Í ágústmánuði 2007 var fyrst fjallað um ásakanir á hendur Ingjaldi þar sem hann var í DV sakaður um að bæta óeðlilegum aðferðum í samskiptum sínum við sín eigin börn, fyrrum eiginkonu sína, systur hans og skjólstæðingana að Laugalandi. Blaðið fjallaði í fjórgang um meint andlegt og líkamlegt ofbeldi forstöðumannsins, sem sjálfur hafnaði öllum ásökunum á sínum tíma og naut ótvíræðs stuðnings Braga Guðbrandssonar, þáverandi forstjóra Barnaverndarstofu.

Tilefni skrifa DV á sínum tíma var fjöldi ábendinga til Umboðsmanns barna, sem bárust embættinu árið 2001, um ofbeldi og illa meðferð skjólstæðinga að Laugalandi. Tilkynningarnar höfðu þangað borist bæði frá mörgum stúlkum sem ýmist dvöldu þar og eða frá stúlkum og foreldrum þeirra sem það höfðu gert.



Ingjaldur Arnþórsson, forstöðu maður meðferðarheimilisins að Laugalandi, hefur verið tilkynntur til barnaverndaryfirvalda og er sak aður um tíu mismunandi brot gegn sínum, fyrrverandi eiginkonu sinni og skjólstæðingum. Konan hefur líkt því við að svipta sig lífi en Ingjaldur hafnar öllum ásökunum um sína meðferð. Hann hefur áður verið kærður fyrir líkamsmeiðsl og er undir skatt rannsókn en Bragi Guðbrands son, fyrrverandi framvæmdastjóri, segir Ingjald njóta fyllsta trausts.

SAKAÐUR UM ANDLEGT OG LÍKAMLEGT OFBELDI

BARNALÓG 2003

Hluti umfjöllunar DV, í ágúst 2007.

Stúlkurnar lýstu því að þær væru kallaðar illum nöfnum, meðal annars druslur og hórur, á hverjum degi og þær sagðar geðveikar. Um leið og ný stúlka hafi komið inn á heimilið hafi allt verið gert til að brjóta hana niður andlega. Þær lýstu því að lagðar hefðu verið á þær hendur og þeim hent niður stiga.

Umboðsmaður barna sendi Braga forstjóra strax minnisblað þar sem fram komu áhyggjur af fjölmargra mannréttindabrota af hálfu Ingjalds forstöðumann og „nauðsyn þess að eitthvað verði gert í sambandi við ástandið á Laugalandi“. Þetta er meðal þess sem finna má í minnisblaði umboðsmanns barna, dagsett 15.10.2001.

Svo virðist sem ásakanirnar sem voru settar fram hafi lítt eða ekki verið rannsakaðar af hálfu Barnaverndarstofu og Bragi forstjóri lýsti fullu trausti á Ingjald í sérstakri yfirlýsingu sem birt var í DV á sínum tíma.

Beitti sér hart

Bragi, þáverandi forstjóri Barnaverndarstofu, lagðist þungt á ritstjóra og blaðamann DV vegna umfjöllunar um meint ofbeldi af hálfu Ingjalds. Þá beitti Bragi sér fyrir því að félagsmálaráðuneytið kannaði ekki ásakanir á hendur Ingjaldi og mælti með að ráðherra tjáði sig ekki um málið.

Óhætt er að segja að Bragi hafi beitt sér af hörku í þágu Ingjalds þegar fjallað var um ásakanir á hendur honum í DV árið 2007. Hann sagði að tilgangur skrifanna hafi verið að „svipta Ingjald ærunni og skaða það merka uppeldisstarf sem unnið hefur verið undanfarinn áratug af þeim hjónum og samstarfsfólki þeirra. Barnaverndarstofa fordæmir umfjöllun DV í þessu máli og vísar á bug þeim rakalausu fullyrðingum og ósannindum sem þar er að finna. Þannig hefur ekkert tilefni orðið til athugunar á meintum brotum Ingjalds af hálfu Barnaverndar Eyjafjarðar, hvorki gagnvart eigin börnum né unglingum á meðferðarheimilinu. Óhugsandi er að þeim uppeldisaðferðum og ofbeldi sem lýst er í greininni sé eða hafi verið beitt á Laugalandi,“ sagði Bragi í vörnum fyrir Ingjald.

Líkt og DV greindi frá árið 2007, og síðar hefur fengist staðfest, var ítrekað kvartað undan framgöngu Ingjalds, sem forstöðumanns Varpholts og Laugalands til Barnaverndarstofu. Umboðsmaður barna fékk fjölda ábendinga um ofbeldi og illa meðferð á meðferðarheimilunum árið 2001, bæði frá stúlkum sem þar dvöldu eða höfðu dvalið og frá foreldrum stúlknanna. Ingjaldur starfaði sem forstöðumaður Laugalands allt til ársins 2007 og hefur alla tíð hafnað öllum ásökunum.

Góður andi í húsinu?

Meðferðarheimilið Varpholt, sem síðar var flutt að Laugalandi, hóf starfsemi í Eyjafirði sumarið 1997 undir stjórn forstöðumannsins Ingjalds Arnþórssonar. Heimilið var rekið sem fjölskylduheimili og bjuggu Ingjaldur og kona hans, Áslaug Brynjarsdóttir, á heimilinu með tveimur börnum sínum ásamt skjólstæðingum.

Í samtali við DV á sínum tíma undraðist Ingjaldur mjög ásakanirnar. Hann hafnaði því algjörlega að hafa beitt skjólstæðinga sína líkamlegu ofbeldi. „Ég kannast ekki við að hafa nokkurn tímann lýst ofbeldisaðferðum fyrir nokkrum manni. Það er útilokað. Ég kann ekki slíkar aðferðir og get því hvorki hafa beitt þeim né túlkað þær fyrir aðra. Þessu hafna ég alfarið og þannig hefur aldrei verið unnið hérna,“ sagði Ingjaldur.

Mörgum mánuðum eftir að minnisblað Umboðsmanns barna barst Barnaverndarstofu barst embættinu svarbréf þar sem fram kemur „að starfið virðist ganga mjög vel, andinn í húsinu sé góður og stúlkurnar í góðri vinnslu. Vilji meðferðaraðila til að taka athugasemdum og gera betur ef unnt er sé ótvíræður. Stúlkurnar uni sér vel á Laugalandi, þær taki framförum og megi vera óhræddar að taka upp mál sem hvíli á þeim gagnvart meðferðaraðilum því ekki verði betur séð en að þeim verði vel tekið.“

„Hjálp“

Líkt og Mannlíf greindi frá í janúar í fyrra tók tugur kvenna, sem dvaldi á meðferðarheimilinu Laugalandi, höndum saman og fór fram á að farið yrði ofan í saumana á starfsemi heimilisins. Þær lýstu erfiðri og

8.1.5.

29.08.2001

Mbl.

Fundur með þremur stúlkum, sem dvalið hafa á meðferðarheimilinu Varpholti/Laugalandi

Stúlkurnar heita

Þær dvöldu allar á Varpholti í misjafnlega langan tíma hjá og
Þær eru allar sammála um það að þeim hafi liðið mjög illa þann tíma, sem þær voru þar og hafi verið beittar andlegu ofbeldi. þó einnig líkamlegu ofbeldi, og svo er um fleiri að þeirra sögn. Meðferðarheimilið er aðeins fyrir stúlkur og nú vilja hjónin sem reka það fá yngri stúlkur.

Þær koma allar vel fyrir og þeim liggur mikið á hjarta. Þær eru allar hættar í neyslu í dag og eru í skóla eða að vinna. eru nokkuð rólegar en er mjög ósátt og segist ekki tilbúin að fyrirgefa. leggur fram dagbækur sínar og bréf og vill að ub skoði þetta. ætlar að koma með bréf, sem vinkona hennar skrifaði til hennar þar sem vinkonan lýsir dvölinni á meðferðarheimilinu.

Þær lýsa allar andlegu ofbeldi, sem þær og aðrir sem á heimilinu dvöldu, urðu fyrir. Þær voru kallaðar öllum illum nöfnum, m.a. druslur og hórur á hverjum einasta degi. var sagt að hún væri *rotin að innan* og *geðveik* á hverjum einasta degi í þá mánuði sem hún dvaldi á Varpholti. Hinar höfðu svipaða sögu. Um leið og ný stúlka kom til dvalar á heimilinu var byrjað að brjóta hana niður andlega. Þær lýsa allar mikilli hræðslu við allt gert til að halda honum góðum.

Stjórnendur heimilisins sögðu frá öllum málum stúlknanna fyrir framan allan hópinn, rökkuðu niður foreldra og fjölskyldur þeirra, einnig fyrir framan alla. Þetta fékk mjög á þær.

Besta ráðið var að svara aldrei á móti og gera allt sem þeim var sagt að gera, ef ekki, þá var þeim refsað. Einnig ef þær neituðu að tala, varð allt vitlaust. Helstu refsingar voru: Skammarfundir, þar sem þær voru skammaðar og kallaðar öllum illum nöfnum á fundum fyrir framan allan hópinn, þeim var neitað um heimfararleyfi, hótað því að meðferðin yrði lengd og þær yrðu í Varpholti þar til þær yrðu 18 ára og einangrun, þ.e. lokaðar inni í herbergi en einnig félagsleg einangrun þannig að öðrum var bannað að tala við þær. Þær voru hræddar með því að þær fengju ekki að fara heim til sín aftur, heldur yrðu sendar til fósturforeldra.

Þær segja hafa reynt að spilla sambandinu á milli þeirra og foreldra þeirra, sagt þeim ósatt um foreldrana og foreldrunum ósatt um þær. Segja þau vilja koma þeim í foreldra stað.

segist hafa farið til fósturfjölsk. í eftir að hafa verið á Varpholti fyrst, þar leið henni vel og vildi vera þar áfram. Það ekki hægt og segir hún ástæðuna m.a. vera þá, að hafi ekki viljað að hún yrði hestabóndi heldur ætti hún að læra eitthvað meira. Skipti ekki máli þó henni liði vel þar sem hún var.

Minnisblað Umboðsmanns barna til Barnaverndarstofu, árið 2001: „[Þær] hafi verið beittar andlegu ofbeldi. […] þó einnig líkamlegu ofbeldi og svo er um fleiri að þeirra sögn.“

NÝTT

MIST

COLLECTION






VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN

BRANDSON

BRANDSON.IS



Barnaverndarstofa '97 1. útg.

BARNAVERNDARSTOFA

Barnaverndarstofa

Kvörtun

Db.: 29/9 2000 Skj.: 9906008

Gefa skal upplýsingar um öll atriði sem vikið er að á eyðublaðinu

Mótt.: Tilv.:

Ábm.: BSG Lögrit til: STJ.

1 Nafn meðferðarheimilis Laugaland

2 Nafn þess sem ber fram kvörtun

3 Kennitala

4 Tilefni kvörtunar, atburðarrás, aðdragandi, lýsing

[Látið í té upplýsingar um dagsetningu atburða, tíma, stað og lýsið aðstæðum og öðru því sem gæti skýrt það sem kvartað er vegna]

Dagsetning 27.9.2000. Þetta gerðist á Laugalandi. Það var fundur um morguninn vegna hegðun minnar í skólanum eftir hann talaði ég ekki ég var sár, það kom st enginn niðurstaða úr þessum fundi es Ingjaldur og Áslaug gætu ekki farið út til Þýskar vegna þess, Ingjaldur var brjálaður í skapinn kallaði mig ógeð nokkru sinnum reif mig niður stigan Þétt mjög fast í mig tannig að ég mig ekki. er með marbletti og skeif. að es væri hissin að hann hæri

5 Hefur þú borið fram kvörtun vegna hins sama áður?

já ☐ nei ☒ skriflega ☐ munnlega ☐

Vegna hvers?

6 Gerðu grein fyrir viðbrögðum sem þú æskir, hvað breytingum óskar þú eftir

Mér langar að þetta verði tekið upp, því mér líður illa hér og ég er mjög hrædd við Ingjald. Ég vill ekki búa hér lengur, mér langar að ég fari á annað meðferðarheimili.

Kvörtun til Barnaverndarstofu þar sem 14 ára viststúlka segir hrædd við Ingjald.

sársaukafullri dvöl og töldu að frásögnum þeirra hafi verið sópað undir teppi af hálfu barnaverndaryfirvalda.

Harpa Dögg Sævarsdóttir, ein kvennanna, óskaði eftir því að kafað yrði ofan í kjölinn á starfsemi heimilisins. „Við erum einfaldlega að biðja um hjálp. Við viljum skila skömminni og fá það viðurkennt hvernig var komið fram við okkur. Fá afsökunarbeiðni og að fólkið þurfi að svara fyrir hvað það gerði. Þá vonumst við til að komið verði á betra eftirliti með svona heimilum og að hlustað verði á skjólstæðinga sem koma fram með marbletti, áverkavottorð og sjúkraskýrslur. Vonandi getum við fengið ríkisstjórnina með okkur í lið," sagði Harpa Dögg.

Gígja Skúladóttir dvaldi líka á Laugalandi og hún lýsti því hvernig hrollur fór um hana þegar hún sá frétt af lokun meðferðarheimilisins og mynd birtist af staðnum. „Frá 14 til 16 ára aldri eyddi ég verstu árum lífs míns á stað þar sem andlegt og líkamlegt ofbeldi fékk að viðgangast. Undanfarið hef ég verið að rifja þennan tíma sem ég var algjörlega búin að loka á, koma „útur úr skápnum" með þessa reynslu sem hefur fylgt mikil skömm," sagði Gígja og heldur áfram:

„Eftir stendur sú sannfæring mín að Barnaverndarstofa brást okkur stelpunum algjörlega. Þrátt fyrir tilkynningar um ofbeldi, áverkavottorð og krafa frá umboðsmanni barna að rannsaka heimilið varði Bragi Guðbrandsson forstöðumanninn opinberlega, það var ekkert að og ásakanir um ofbeldi ættu ekki við rök að styðast (að hans mati). Málinu var sópað undir teppið og er þar ennþá."

Harpa Særós Magnúsdóttir dvaldi líka á Laugalandi. „Ég átti ekki von á öðru en þetta væri góður staður. Aldrei grunaði mig það sem var í vændum. Að mig myndi langa að jörðu gleypti mig. Ég var kominn í helvíti. Ég var bara barn," sagði Harpa Særós.

Sársaukafull dvöl

„Ég kom þaðan mölbrotin," segir Teresa



Harpa Særós

Dröfn Freysdóttir Njarðvík um vist sín á meðferðarheimilinu Laugalandi á unga aldri. Líkt og Mannlíf greindi fyrst frá hefur stór hópur kvenna tekið höndum saman og stigið fram með ofbeldissögur gegn þeim meðan þær dvöldu ungar á meðferðarheimilinu að Laugalandi í Eyjafirði. Heimilinu var lokað um áramót og konurnar fara nú fram á raddir þeirra séu teknar alvarlega af yfirvöldum. Konurnar lýsa erfiðri og sársaukafullri dvöl og telja að frásögnum þeirra hafi verið sópað undir teppi af hálfu barnaverndaryfirvalda fram til þessa.

Stundin tók svo undir umfjöllum Mannlífs

með ítarlegum hætti þar sem sex konur úr hópnum stigu fram með sögur sínar sem snúa að meintu ofbeldi þáverandi forstöðumanns meðferðarheimilisins, Ingjaldi Arnþórssyni.

Viku síðar fundaði Ásmundur Daði Einarsson, barna- og félagsmálaráðherra, með kvennahópnum sem sakar fyrrum forstöðumann meðferðarheimilisins að Laugalandi, Ingjald , um andlegt og líkamlegt ofbeldi. Konurnar vonuðu að nú yrði loksins hlustað á þær.

„Ég var bara barn"

„Ég var varla komin inn úr dyrunum á Laugalandi þegar ofbeldið byrjaði. Tónninn var mjög skýr og sleginn á fyrsta degi. Ekkert varð aftur eins. Ég kom þaðan mölbrotin. Ég hef aldrei náð aftur almennilegu sambandi við fjölskyldu mína, aldrei náð aftur sjálfstrausti eftir allt niðurrifið þar og get ómögulega treyst fólki, hvort sem það er venjulegt fólk eða aðilar sem eiga að hjálpa," sagði Teresa og bætti við:

„Ég vil að barnaverndarnefndirnar viðurkenni að starfsfólk þeirra hafi ekki fylgst nógu vel með meðferðarheimilinu og í raun þaggað niður það sem þar gekk á. Ég vil almenna viðurkenningu og afsökunarbeiðni. Ég er enn að glíma við afleiðingar þess að hafa lent á þessu heimili og ég var í mörg ár að vinna mig upp úr verstu vanlíðaninni. Ég þjáist af áfallastreituröskun og vistin á Laugalandi á stóran þátt í henni. Ég fæ enn martraðir sem snúast um að ég sé læst þarna inni gegn vilja mínum."

Brynja Skúladóttir er ein þeirra sem var vistuð á Laugalandi en hún var fjórtán ára gömul þegar hún var vistuð á meðferðarheimilnu. Hún fann strax að þar var engin meðferð í gangi heldur eingöngu boðið upp á niðurbrot þeirra skjólstæðinga sem á heimilinu voru. „Ég var ekki neikvæð þegar mér var sagt að ég yrði send þangað. Líf mitt hafði verið mjög erfitt. Þannig að þegar mér var sagt að ég færi á meðferðarheimili úti á landi var mér létt því ég hélt að ég væri að fá þá aðstoð sem ég þurfti á þessum tíma. Ég áttaði mig á því fyrsta daginn að þarna var ekki verið að bjóða upp á meðferð heldur niðurbrot. Fyrstu dagarnir voru skelfilegir og niðurbrotið hófst strax," sagði Brynja.

Nokkrum mánuðum eftir að Brynja kom á meðferðarheimilið kom Gígja, tvíburasystir hennar, þangað líka. „Frá fyrsta degi áttaði ég mig á að þetta var staður þar sem ofríki forstöðumannsins var algjört, þar sem ég var algjörlega valdalaus. Ingjaldur lagði sig allan fram við að berja úr mér allan mótþróa og uppreisn. Ég veit núna að þetta var útpælt ofbeldi. Sú minning er þó sterkust þegar ég var 14 eða 15 ára gömul og þráði ekkert meira en að deyja. Ég bað Guð á hverju kvöldi að leyfa mér að sofna og vakna ekki aftur. Ég óttaðist mest að þurfa að vera þarna til 18 ára aldurs" sagði Gígja í samtali við Stundina.

Kolbrún Þorsteinssdóttir lýsir einnig erfiðri og sársaukafullri dvöl á meðferðarheimilinu. „Ég man mjög vel eftir fyrsta deginum mínum þarna.
Mér fannst stemningin á staðnum mjög skrítin. Þetta var upphafið að versta tímabili lífs míns sem litaðist af ótta, niðurlægingu og algerri undirgefni. Ég var hrædd hvern einasta dag meðan ég var þarna, upplifði mikið vonleysi. Vanlíðanin var mér næstum um megn," segir Kolbrún og heldur áfram:

„Ég er búin að vera að reyna að safna kjarki í mörg ár til að stíga fram og segja frá því sem ég upplifði á meðferðarheimilunum Varpholti og Laugalandi þegar ég var unglingur. Ég vissi alltaf að ég þyrfti að segja frá því sem gerðist."

Dagný Rut Magnúsdóttir vonar að barnaverndaryfirvöld hlusti á frásagnir þeirra kvenna sem voru vistaðar að Laugalandi. „Það er frelsi í því að skila skömminni af því að ég er búin að sitja ein með þessa vanlíðan alla tíð. Ég var bara barn og átti þetta ekki skilið. Orð lýsa því ekki nógu vel hvernig mér leið þarna. Þetta var hræðilegur tími," sagði Dagný Rut.

Haukur bróðir

Í ágústmánuði árið 2007 varð mikil umræða um málefni Ingjalds og Laugalands. Upphafið að þeim má rekja til þess að Haukur Arnþórsson, bróðir Ingjalds, steig fram í DV og hafði áhyggjur af framgöngu bróður síns í garð bæði Áslaugar Brynjarsdóttur, eiginkonu hans en einnig vegna lýsinga sem Haukur sagði að Ingjaldur hefði haft uppi um meðferð á stúlkunum á Laugalandi.

Í DV á þessum tíma var meðal annars fjallað um persónuleg fjölskyldumál Ingjalds og Áslaugar og um rekstur meðferðarheimilisins að Laugalandi. Lýsingar Hauks, bróður Ingjalds, komu þar fram og haft eftir honum að að Ingjaldur hefði lýst því að beita þyrfti stúlkurnar sem dvöldu í Varpholti og síðar Laugalandi líkamlegu ofbeldi. Sagði Haukur að Ingjaldur hefði lýst fyrir honum að hann tæki stúlkurnar meðal annars hálstaki og drægi þær berfættar eftir malarvegi, þar til þær létu undan vilja hans.

Í DV var fjallað um meint ofbeldi Ingjalds á hendur systur hans og sömuleiðis um ýmsar ávirðingar á hendur Ingjaldi er snúa að hans eigin börnum, sem og Áslaugu eiginkonu hans. Augljóst er á umfjölluninni á þessum tíma að hún er byggð á frásögn og áhyggjum Hauks af framgöngu bróður síns. Í blaðinu er rætt við Hauk sem tjáir sig um hið meinta ofbeldi bróður síns, sem í dag hefur fengist staðfest eftir að kafað var ofan í starfsemina og rætt við fjölda stúlkna sem þar dvöldu.

Ingjaldur og Áslaug eiginkona hans kærðu bæði Hauk og blaðamann DV vegna skrifanna. Í héraðsdómi var blaðamaðurinn dæmdur en Haukur sýknaður með þeim rökum að hann hafi ekki fengið viðtalið sent til sín til yfirlestrar og þannig ekki samþykkt það sérstaklega.

Í samtali við Stundina sagðist Haukur að hann hafi, eftir að hann steig fram í DV, ekki skipt sér frekar af málum bróður síns, málið hafi á sínum tíma verið mjög erfitt fyrir fjölskylduna. „Ég hef hins vegar heyrt frá þessum stelpum síðar og þær hafa þakkað mér fyrir og sagt að ég hafi verið sá eini sem hafi haft grun um hvað var þarna á ferðinni og verið tilbúinn til að stíga fram."

Kolsvört skýrsla

Loksins varar hlustað á stúlkurnar. Ásmundur Daði ráðherra fól Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) „að kanna hvort og þá í hvaða mæli börn, sem vistuð voru á meðferðarheimilinu Varpholti/Laugalandi á árunum 1997 til 2007, hafi sætt illri meðferð, andlegu eða líkamlegu ofbeldi meðan á dvöl þeirra stóð". Nefnd, skipuð fjórum sérfræðing-



Ingjaldur Arnþórsson.

um með þekkingu á rannsóknum, barnavernd og áföllum vann að úttektinni og skilaði á dögunum kolsvartri skýrslu um meðferðarstarfið að Laugalandi.

Í skýrslunni kemur fram að mikill meirihluti fyrrum vistbarna segist hafa upplifað andlegt ofbeldi, einu sinni eða oftar á meðferðartímanum, eða 30 af 34 einstaklingum. Voru þessar frásagnir oftast af óttastjórnun, harðræði eða niðurbroti, aðallega af hendi forstöðumanns en einnig forstöðukonu. Margir viðmælendur sögðu frá fleiri atvikum en einu. Samtals 27 úr viðmælendahópnum greindu frá atvikum sem fela í sér einhvers konar óttastjórnun eða harðræði af hendi forstöðuaðila.

Alls 20 vistbörn af 34 töluðu um móttökurnar þegar þau komu fyrst á Laugaland og 12 lýstu neikvæðri upplifun. Alls 14 vistbörn af 34 sögðust hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi. Í frásögnum 12 þeirra er forstöðumaðurinn tilgreindur gerandi, en tvær stúlkur tilgreina forstöðukonuna. Til viðbótar sögðust 11 hafa orðið vitni að því að líkamlegu ofbeldi hafi verið beitt af hálfu forstöðumanns.

Alls 10 vistbörn af 34 kvörtuðu yfir að símtöl hafi verið hleruð, sem hafi gert það að verkum að þau hafi ekki geta talað eins frjálslega og þau hefðu viljað. Alls 13 vistbörn af 34 töluðu um að hafa upplifað reglur um fatnað og eigur á neikvæðan hátt og jafnframt að hafa ekki mátt hlusta á þá tónlist sem þau vildu. Þá hafi verið gerðar athugasemdir við útlit þeirra og ein stúlka lýsir því að hafa þurft að láta klippa og aflita á sér hárið gegn vilja sínum.

Alls 9 vistbörn af 34 sögðust hafa reynt að kvarta á einhverjum tímapunkti við barnaverndarstarfsmann eða Barnaverndarstofu og upplifðu að það hefði engu breytt.

Helstu niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um meðferðarheimilið í Varpholti og á Laugalandi árin 1997-2007:

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar mátti greina að hópurinn sem kom til dvalar á meðferðarheimilinu að Varpholti/Laugalandi á árunum 1997-2007 hafði ólíkan bakgrunn og að vandi barnanna var oft og tíðum fjölþættur og þarfirnar flóknar.

Sálfræðiþjónustu fyrir börnin á meðferðarheimilinu var ábótavant og að ekki hafi verið brugðist á fullnægjandi hátt við ákalli um að hún yrði aukin til að mæta þörfum skjólstæðinganna.

Þegar ljóst varð hve algengt það var að skjólstæðingar heimilisins hefðu orðið fyrir áfalli og ofbeldi og glímdu við afleiðingar þess, áður en dvölin hófst, hefði þurft að mæta því á markvissari hátt og gefa vinnu með afleiðingarnar mun meira rými í meðferðarstarfinu.

Yfirgnæfandi meirihluti fyrrum vistbarna, er viðtölin náðu til, upplifðu andlegt ofbeldi við dvölina í Varpholti og á Laugalandi, sem lýsti sér í óttastjórn, harðræði og niðurbroti. Sterkar vísbendingar eru um að alvarlegu andlegu ofbeldi hafi verið beitt með kerfisbundnum hætti. Frásagnir eru frá um helmingi fyrrum vistbarna, sem viðtöl voru tekin við, af líkamlegu ofbeldi og áreitni og önnur börn urðu vitni að slíku.

Eftirlitsskylda barnaverndaryfirvalda brást að því leyti að þau hefðu átt að bregðast við ákalli um aukna geðheilbrigðisþjónustu, hefðu átt að skerast í leikinn þegar ljóst var hve mikið álag hvíldi á starfsfólki meðferðarheimilisins og að skoðun á dagbókum og fundargerðarbókum hefði átt að vekja grunsemdir um neikvæð viðhorf í garð vistbarna og gefa tilefni til að kanna hvort þau endurspegluðust í framkomu við þau.

Á þessum tíma, er athugunin nær til, var til gagnreynd þekking um afleiðingar áfalla í æsku. Nokkuð ljóst er að á þeim tíma hafði sú faglega þekking ekki verið innleidd í meðferðarúrræði Barnaverndarstofu á meðferðarheimilinu í Varpholti og á Laugalandi. Í skýrslunni má finna frekari lýsingar stúlknanna að Laugalandi og svör forstöðufólks meðferðarheimilisins. Hana má í heild sinni lesa hér.

Meðferðarheimilið að Laugalandi:
Sérhæft fyrir stúlkur með hegðunarvanda
Meðferðarheimili var rekið að Laugalandi síðan í september 2000 en var áður í Varpholti í Hörgárbyggð frá stofnun 1997. Það var rekið sem fjölskylduheimili og bjuggu hjónin þar ásamt tveimur börnum sínum og þeim unglingum sem þar voru vistaðir hverju sinni.
Að Laugalandi var rekið meðferðarúrræði fyrir unglinga á aldrinum 13 til 18 ára með fjölþættan hegðunarvanda. Gert var ráð fyrir að þar vistist að jafnaði sex til átta unglingar í einu og skapaðist sú hefð að vista einungis stúlkur á staðnum.



Forstöðuhjónin að Laugalandi.

Allt fyrir hljóðvistina
3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali
P.P & CO
Byggingavöruverslun
Þ. Þorgrímsson & Co
Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is



Helgarpistillinn
Lára Garðarsdóttir



Æi, hættu þessu væli og farðu í aðhald

Eins og sönnum Íslendingi sæmir sat ég í bílnum mínum á leið til vinnu einn haustmorguninn og hlustaði á viðtal við fjármálaráðherra þar sem ræddar voru skattahækkanir, auknar álögur og aukin gjöld. Hausinn var varla vaknaður og ég sleikti tannkremslínuna úr munnvikinu. Minnkaður stuðningur við orkuskiptin – Já, bömmer.

Ráðherra var spurður hvers vegna ekki væru lagðir frekari skattar á bankakerfið og á þá sem ættu peningana. „Nákvæmlega," tautaði ég þegar ég tók snarpa hægri beygju út á Miklubraut.

„Helvíti samt þessi verðbólga," hugsaði ég á rauðu gangbrautarljósi og hlustaði á fjármálamálaráðherra réttlæta hækkanir á áfengi og tóbak. Miklabrautin var stöppuð. „Takk fyrir ekkert, Bjarni," var gagnrýnin sem hann hafði fengið á sig. 80 króna hækkun á rauðvínsflöskuna. „Er fólk í alvörunni að væla yfir þessu?" hugsaði ég með mér. Ég held að rúsínupoki hafi hækkað meira en rauðvínsflaska. „Ég skil þig," sagði ég upphátt og talaði beint til ráðherrans í gegnum útvarpstækið. Mér leið strax eins og hausinn væri kominn með aðeins meiri meðvitund.

Viðtalið hélt áfram og fjármálaráðherra var spurður út í auknar álögur á frönskum kartöflunum. Þá fór hjartað að dæla óheilbrigðu magni af blóði út í kerfið og losaði örugglega um einhvern kransæðatappa sem var farinn að myndast. Erum við í alvöru að ræða álögur á franskar kartöflur á príma-tíma?

Nú má vera að mörg ykkar hafi litað mig sem kóngablása forréttindaskjátu sem nýtir tíma sinn í að skrifa pistla og verja Engeyinginn –því fer fjarri. Ef við skoðum þær hækkanir sem hafa verið hvað mest ræddar að þá erum við í öllum tilvikum að ræða munaðarvörur - Já, það er ofsa gott að geta átt rafmagnsbíl en við þurfum hann ekki. - Já, okkur finnst gaman að skála eða „slaka á" í vikulok og sprengju einn. - Já, okkur finnast fröllur góðar, en við þurfum þær ekki. Ekkert af þessu er lífsnauðsynlegt.

Ég er þakklát fyrir að búa í landi þar sem lífsnauðsynlegu hlutirnir eru ekki að fara að knésetja mig. Vatn, rafmagn og hiti eru ekki að fara að tæta upp launatékkann eins og víða í Evrópu. Það eru ekki mannréttindi að eiga bíl og þaðan að síður rafmagnsbíl. Og þó að fröllur séu geggjað góðar makaðar í majónesi að þá væri það kannski bara hjartansmál, og magarúllum til bóta að sleppa þeim – svo ekki sé talað um áfengið.

Verðbólga eins og sú sem nú geisar er ekkert flókin: Við þurfum að draga úr einkaneyslu. Verðbólga er tímabundið ástand svolítið eins og tískan. Og við Íslendingar erum örugglega heimsmeistarar í hjarðhegðun. Getum við þá ekki sameinast um að elta þessa nýju tísku; en hún snýst um að draga saman seglin og hægja sem fyrst á þenslunni. Við komumst ekki framhjá hækkunum á húsnæðisliðnum, við sitjum öll í þeirri súpu en geymum það að endurnýja bílinn og reynum eftir fremsta megni að saxa á skuldirnar fremur en að auka þær. Aðhaldstískan er byrjuð og komdu í keppni að lifa sparsamar en nágranninn þinn.

Já, og bara skál … í ísköldu vatnsglasi.

ÍSLENSKI BARINN
EST. 2009
THE ICELANDIC BAR
VÍKING
Léttöl



Ingólfsstræti 1a, 101 Reykjavík
+354 5176767 islenskibarinn

Sjáumst létt í lund,
á gleðistund!



Móðir og dóttir

– er það ekki traustasta og fallegasta samband sem til er?

Ekki í mínu tilviki!

Ég á varla góða minningu um móður mína – hún var grimm, fjarlæg og ofbeldisfull á milli þess sem hún gat verið góð og skemmtileg þá aðallega þegar annað fólk var í kring.

Það átti alltaf allt að vera fullkomið utanfrá en þegar þú leist inn þá sástu raunveruleikann blasa við þér eins og ís. Móðir mín gerði aldrei neitt rangt – allt sem hún gerði voru afleiðingar af okkar hegðun eða einhverra annarra, hún lagði sérstaka fæð á mig en dýrkaði systur mína. Hún kenndi systkinum mínum að það væri í lagi að koma illa fram við mig og meira að segja lagði hún sérstaka áherslu á að ég væri svarti sauðurinn í minni fjölskyldu. Hún sagðist þurfa að læðast með veggjum því hún skammaðist sín svo fyrir mig þegar ég varð unglingur og lét það flakka í mín eyru að hún vildi að ég hefði dáið frekar en að leggja þessa miklu byrði á hana. Ég hafði farið að stelast til að reykja hass og drekka fyrir fermingu – kom seint heim og stal peningum. Ég var í uppreisn! Ég upplifði mig ekki örugga heima og ég upplifði mig ekki örugga í skólanum vegna eineltis. Ég átti hvergi pláss – mamma hataði að ég væri nefnd í höfuðið á föðurömmu minni sem var að hennar sögn vægast sagt vond og svo var hún líka feit – ég skyldi nú passa mig svo ég myndi ekki enda eins og hún, feitur alki. Hún var viss um að ég væri alki þegar ég var 13 ára og sendi mig á Unglingaheimili ríkisins og svo áttu eftir að fylgja næstu tvö árin, þrjú unglingaheimili til viðbótar því ekki var hægt að hafa þennan brjálæðing nálægt sér.

Ég var fljót að átta mig á að ef ég ætti að lifa af þá þyrfti ég að hætta að finna til, ég þurfti að búa til harðan skráp og ekki treysta neinum. Ekki þurfa á neinum að halda því annars var hætta á að ég yrði meidd. Mamma kom og fór út úr mínu lífi – eins og sannri narsisískri drottingu sæmir. Ég mátti vera með þegar það passaði eins og á jólum, en plís ekki vera að koma nálægt ef ekki er þörf að sýnast fyrir öðrum.

Mamma hataði föður minn og lét alla sem vildu heyra það. Hann var vondur og meira að segja gekk hún svo langt að segja að hann hefði nauðgað sér andlega (hvað svo sem það þýðir).

Hún var og er í endalausri keppni við hann – okkur mátti varla þykja vænt um hann því hún upplifði það sem persónulega höfnun. Við áttum bara að hugsa um hana.

Móðir mín í kví kví lagði svo mikla fæð á mig, dótttur sína - að hún tók afstöðu gegn mér þegar ég sagði frá kynferðisofbeldi sem ég hafði lent í á unglingsárum og meira að segja gekk svo langt í hatri sínu að hún fór að vinna með ofbeldismanninum og hans konu sem andlegur stuðningur útaf þessu erfiða máli. Hún reyndi að fá mig til að falla frá kærunni hennar vegna, því þetta var henni svo erfitt. Þetta var eftir allt, um hana – hún gæti misst vinnuna sem hún fékk eftir að ég kærði.

Enn á ný fyrirgaf ég henni í von um að eiga fallegt mæðgnasamband, því litla stelpan ég inni í mér óskaði þess svo heitt að hún myndi breytast og að ég gæti farið að treysta henni, enn á ný gerði hún allt til að leggja sem flesta steina í götu mína.

Ég skil núna að ég verð aldrei nógu góð, aldrei nógu sæt, aldrei nógu mjó, aldrei nóg fyrir hana því hún er ekki nógu góð fyrir sig. Ég er bara spegill sem hún heldur á og hún hatar það sem horfir á hana til baka.

Ég eignaðist litla barnið mitt fyrir nokkrum árum – og ég lofaði barninu mínu að það fengi enginn að meiða það eins og ég var meidd, hvorki hún né nokkur annar. Þannig að þegar hún réðist að mér fyrir næstum þremur árum ákvað ég að nóg væri nóg. Barnið mitt fengi ekki að vita af hennar tilvist né hún af barninu og ég lokaði á hana.

Hún og hennar dansandi apar, vinir hennar og fjölskylda reyna endalaust að koma inn samviskubiti um að ég eigi að leyfa barninu að þekkja ömmu sína og hafa meira að segja hótað að loka á mig nema að ég opni á samskiptin aftur við mömmu.

En það sem þau skilja ekki er að þau eru ennþá undir hennar skilyrðingu en ég er sloppin. Hallelúja, ég er sloppin. Ég lifði af með allar þær afleiðingar sem þetta hafði, ofsakvíða, þörf fyrir samþykki, ofurábyrgðartilfinningu, leiða, átröskun og týnt sjálf fram yfir þrítugt. Þá þökk sé kvíðalyfjum og sjálfsvinnu hef ég áttað mig á að flókna áfallastreituröskunin mín er betri þegar ég þarf ekki að horfa á ofbeldismanneskjuna mína alla daga og leyfa henni svo að beita barnið mitt ofbeldi líka með sjúklegri stjórnun og undirferli.

Þá er ég frekar tilbúin að fara í gegnum lífið mitt á mínum forsendum og ef þau vilja loka á mig þá verða þau bara að ákveða það.

Hún fær ekki að kenna barninu mínu eins og fljúgandi öpunum sínum hvernig á að koma fram við mig. Heldur mun ég brjóta hring ofbeldis með að vera besta útgáfan af mér fyrir litla barnið mitt.

Eitt skal ég viðurkenna sem er kannski skrýtið – en ég sakna hennar ekkert, það sem ég sakna er hugmyndin sem ég bjó til af henni því hún er dáin þótt mamma lifi.

Hágæða innihaldsefni
dýpri virkni úr íslensku hafi

LAB TESTED · 100% PURE · NON GMO

NORDIC NUTRITION PROTIS
eftir æfingu
MAGNESÍUMRÍK FISKPRÓTÍNBLANDA MEÐ C-VÍTAMÍNI
240 hylki · Íslenskt fæðubótarefni

Magnesíumrík fiskprótínblanda með c-vítamíni
Þessi öfluga vara er ætluð þeim sem stunda hreyfingu
Hún getur auðveldað endurheimt eftir líkamlega áreynslu og dregið úr þreytu í vöðvum

NORDIC NUTRITION PROTIS
kollagen
FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR
120 hylki · Íslenskt fæðubótarefni

Ljómandi kollagen
Íslenskt í húð & hár með vatnsrofnu kollageni úr íslensku þorsroði
Hámarks virkni fyrir húð, hár & neglur

NORDIC NUTRITION PROTIS
liðir
VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK
120 hylki · Íslenskt fæðubótarefni

Stoðkerfið í fyrirrúmi
Kollagenrík blanda með þorskprótíni ásamt túrmeriki, fyrir heilbrigða vöðva, liði, bein & brjósk

Ferskt & endurbætt... NORDIC NUTRITION PROTIS



Caroline Wanjiku Mwangi – Er frá Kenía og elskar veturinn á Íslandi

– Er orðin kúabóndi á Mýrum

Caroline Wanjiku Mwangi, förðunarfræðingur frá Kenía, ólst upp á sveitabæ í heimalandi sínu. Hún kynntist fyrir nokkrum árum Unnsteini S. Jóhannssyni, bónda á Laxárholti. Þar búa hjónin dag ásamt syni hennar. Caroline segir í viðtali við Kolbein Þorsteinsson að hana dreymi um að taka bílpróf og fá vinnu hér á landi.

„Ég ólst upp á bóndabæ í Kenía. Við vorum með kýr og var farið með þær í skóginn á hverjum morgni; það verð einhver að fara með þær á morgnana og svo var komið með þær á kvöldin.

Hér komst ég að því að kýrnar eru lokaðar inni. Í Kenía mjólkum við kýrnar en hérna eru notaðir róbótar," segir Caroline Wanjiku Mwangi frá Kenía sem er gift Unnsteini S. Jóhannssyni, bónda í Laxárholti. Hún flutti til landsins í mars. „Ég hef sinnt bústörfum hérna og þetta er auðveldara en í Kenía. Mér finnst þetta vera áhugavert. Hérna gerir maður ekkert með höndunum; það eru aðallega notaðar vélar."

Caroline segist vilja læra að aka traktor og hjálpa manni sínum í öllu.

Caroline talar um þjóðfélagið þar sem hún ólst upp. „Fólk slóst. Fólk stal. Þetta er eðlilegt í Kenía. Það verður að loka hliðunum og vera með stóra hunda úti. Ég er að reyna að aðlagast. Ég hef spurt Steina um ef einhver færi að slást við hann í Reykjavík; ég hafði áhyggjur af því, og hann sagði að enginn færi að slást við hann af engu tilefni. Meirihluti fólks er góður. Það sýnir mér að Ísland er mjög friðsælt land og ég er að reyna að aðlagast. Ég hef séð að íslenskir lögreglumenn eru ekki vopnaðir. Lögreglan er úti um allt í Kenía og hún er vopnuð. Steini hefur sagt mér



að hér sé enginn her, en það er her í Kenía. Þetta gerir Ísland áhugavert.“

Í viðtali sem Kolbeinn hafði áður tekið við hjónin kemur fram að Caroline er af Kikuyu-ættbálki og hafi lokið námi í Naíróbí, gerst förðunarfræðingur og hafið eigin atvinnurekstur í því fagi og hafi einnig starfað sem fyrirsæta. Þar segir að hún hafi verið krýnd Ungfrú Beauty Point Naíróbí árið 2015.

Fékk ekki heimsóknarleyfi

Caroline segist ekkert hafa vitað um Ísland áður en hún kynntist eiginmanni sínum. „Ég fór að lesa mér til um Ísland eftir að við kynntumst. Mér fannst þetta vera fallegt land og hafði áhuga á að setjast hér að, sérstaklega út af fjöllunum og ég elska veturna. Mér finnst veturinn vera svo heillandi.“

Það tók Caroline langan tíma að komast til Íslands.

„Það tók um sex mánuði. Við höfðum reynt áður og sótt um heimsóknarleyfi, en það gekk ekki.“

Hún segist hafa orðið mjög leið þegar þetta gekk ekki. „Ég hélt þá að sambandið myndi ekki ganga, en Steini er mjög ákveðinn maður og hann sagði að við ættum ekki að gefast upp og skyldum nýta okkur annan valmöguleika, sem var að ganga í hjónaband. Það er mjög erfitt fyrir okkur Afríkubúa að fá vegabréfsáritun til að komast til Evrópu. Þeir eru mjög strangir gagnvart Afríkubúum. En ég fékk svo dvalarleyfi eftir að við giftum okkur. Ég á marga vini sem hafa reynt að komast til Íslands með því að sækja um heimsóknarleyfi og þeim hefur verið neitað um það. Þannig að það að ganga í hjónaband er eini möguleikinn til að komast til Íslands.“

Caroline segist varla hafa trúað því þegar leyfið var í höfn. „Við vorum svo hamingjusöm.“

Menningarsjokk

Caroline kom til landsins ásamt ungum syni sínum í mars. Hvernig var tilfinningin?

„Þetta var eins og að vera í draumalandi. Mér fannst þetta ekki vera raunverulegt. Ég hafði aldrei áður farið til annars lands og ég hafði tækifæri til að koma til Íslands með syni mínum. Allt var svo frábrugðið. Kuldinn helltist yfir mig.“ Hún talar um fegurð landsins. Þögnina. Hreinleikann. Fjöllin.

„Maðurinn minn beið eftir mér á flugvellinum með blómvönd og hann var mjög spenntur. Þetta var draumi líkast. Mér finnst ég ennþá vera í draumi vegna þess að allt er svo nýtt svo sem fólkið og veðrið. Ég fékk þó mikið menningarsjokk.“

Áður hafði verið minnst á glæpi í Kenía og að fólk sé með hlið við hús og stóra hunda fyrir utan. Caroline segist vera hissa á að fólk sé ekki með hlið við hús sín hér á landi.

Vildi fara heim til Kenía

Caroline segist vera ánægð á Íslandi. „Ég hef ekki hitt neinn sem hefur verið með kynþáttafordóma eða einhvern sem hefur komið illa fram við mig. Mér finnst allir hérna vera mjög elskulegir.“ Hún fékk þó heimþrá eftir að hún flutti til Íslands. „Ég saknaði kenísks matar. Ég sagði við Steina að hann ætti að kaupa flugmiða fyrir mig og ég yrði heima allavega í tvo til þrjá mánuði, en að ég kæmi aftur. Ég grét. Ég hringdi í mömmu og sagði að ég yrði að koma heim, en hún sagði að ég yrði að vera hérna. Og það var rétt hjá henna og núna líður mér vel. Ég spurði Steina einhvern tímann hvort ég hefði virkilega beðið hann um að kaupa flugmiða fyrir mig til baka, heim til Kenía, því mér fannst það skyndilega svo undarlegt. En ég er að aðlagast.“

Caroline segir að engin vandamál hafi komið upp í tengslum við ungan son hennar. „Hann leikur sér með dótið dótið sitt og horfir á teiknimyndir. Það er ekkert sem truflar hann. Ég sá þó að hann saknaði félagsskapar annarra barna, enda byrjaði hann ekki strax á leikskóla, og hann varð mjög spenntur þegar hann sá önnur börn. Það var leiðinlegt að hann gat ekki farið strax í leikskóla og það þurfti að bíða. Þess þarf ekki í Kenía; það er jafnvel hægt að mæta með barn í leikskóla daginn eftir.“

Óvanur því að fá ís

Caroline talar um að sonur sinni fái stundum ís, og því var hann ekki vanur í Kenía. „Ég kom líka með mikið af lyfjum frá Kenía, svo sem flensulyf og ég sagði við Steina að vera ekki að gefa syni mínum ís, af því að ég var hrædd um að hann fengi þá flensu. En hann borðar ís og er í lagi. Þegar Steini er ekki í húsinu set ég þrjár flöskur með heitu vatni í í rúmið okkar. Mér finnst vera svo kalt. En ég er að venjast þessu.“

Caroline talaði um hve erfitt sé fyrir Afríkubúa að fá heimsóknarleyfi, en hún segir að kannski geti hún boðið foreldrum sínum einhvern tímann í heimsókn. Hún talar um hve fjölskylda hennar sé áhugasöm um lífið á Íslandi. Þau hafa meðal annars beðið hana um að senda þeim myndbönd af kúnum á bænum. „Við erum sjö í fjölskyldunni og allir eru að biðja um myndband. Þau höfðu áhyggjur; hvernig maður Steini væri og ef hann færi illa með mig þá væri ég svo langt í burtu frá þeim og hvað gætu þau þá gert. Sem betur fer hefur hann hingað til verið yndislegur eiginmaður. Það hafa ekki komið upp nein vandamál og hann hefur stutt mig mikið. Ég brotna stundum saman, því ég er svo langt frá mínum heimahögum. Steini gerir svo mikið til að hjálpa mér að aðlagast, sem og syni mínum, og gera okkur lífið auðvelt.“

Hún elskar Steina og hún segir að það sem hún elski við Ísland sé að fólk hafi tækifæri til að vinna. Hana dreymir um að taka bílpróf og fá vinnu hér á landi. „Það eru ekki mörg tækifæri í Kenía. Ég get ekki beðið eftir að byrja að vinna. En Steini segir að ég eigi að vinna heima, þar sé í nógu að snúast. Hvað verður leiðir tíminn í ljós og það er alltaf best að byrja á byrjuninni,“ segir keníska fegurðardrottningin sem nú hefur tekið nýja stefnu í lífinu og horfir björtum augum fram á veginn þrátt fyrir að allt sé henni nýtt og framandi.



> *Caroline segist vilja læra að aka traktor og hjálpa manni sínum í öllu.*



Listin
Svava Jónsdóttir

Rannveig Tryggvadóttir

Form, ljós og skuggar

„Pabbi fór upp að Kleifarvatni og sótti sandsteina þegar ég var krakki og svo sat ég úti í garði með hníf og skeið og skar út form," segir Rannveig Tryggvadóttir myndlistarmaður. Þarna byrjaði boltinn að rúlla. „Ég var 12 ára þegar ég sá mynd í sjónvarpinu um leirlistakonu. Ég horfði á hana renna og þá ákvað ég að ég ætlaði að læra að renna. Ég fór að vinna hjá Glit þegar ég var 17 ára og ætlaði mér að komast að sem rennari."

Árin liðu og 21 árs flutti Rannveig til Svíþjóðar þar sem hún fór á keramiknámskeið og síðar í tveggja ára grunnnám í myndlist. „Valgreinin var keramik; þess vegna sótti ég um þann skóla. Þar kynntist ég leirnum enn frekar og leirlistamanni sem kenndi mér sem er líklega einn besti leirlistamaður Svíþjóðar, Herman Fogelin. Ég vann hjá honum eftir námið og komst síðar inn í Listaháskóla Gautaborgar, HDK, Högskolan för design och konsthantverk, og útskrifaðist þaðan árið 1988 sem master of fine art."

Unga listakonan flutti svo aftur heim til Íslands og fram undan var áratugalangt ævintýri og gamall draumur rættist: Að opna sína eigin vinnustofu.

ÉG SELDI Í YFIR 20 ÁR OG LIFÐI AF ÞESSU.

„Ég lifði af þessu. Ég var orðin einstæð móðir með tvö börn og seldi í Gallerí List, Gallerí Fold og Listfléttunni á Akureyri og bara í flest öllum galleríum landsins. Ég seldi í yfir 20 ár. Og lifði af



þessu. En það var hörkuvinna að hafa þetta sem aðalstarf.“

Kertastjakar og vasar

Leirinn. Hvað heillar Rannveigu við leirinn?

„Margt leirlistafólk segir að þegar maður fær leirinn undir neglurnar þá geti maður ekki hætt.“ Hún talar líka um hvernig hægt er að forma leirinn endalaust. Og hún talar um brennsluna og litina. Hún segist vera koloristi. „Ég hef alltaf elskað form, mynstur og liti og að sitja við rennibekkinn og renna. Ég elska að búa til form, sjá þetta formast í höndunum á manni og að mála á formin. Það var eitthvað svo heillandi við þetta. Gleðin hvarf aldrei. Aldrei nokkurn tímann. Mér fannst þetta geggjað. Allir dagar voru geggjaðir. Ég setti músík í botn og vann. Þetta veitti mér gífurlega mikla gleði.“

ÞETTA ER ROSALEGA ERFIÐ LÍKAMLEG VINNA.

Hún talaði um músík.

„Ég verð að viðurkenna að Van Morrison hefur verið mjög oft á fóninum hjá mér. Ég spilaði hann endalaust. Ég get hlustað endalaust á Van Morrison.“

Hún segist hafa notið þess að gera kertastjaka og vasa en að bollar hafi verið saltið í grautinn.

„Þetta er rosalega erfið líkamleg vinna. Þetta fór að hafa áhrif á hendurnar á mér og ég fékk slitgigt í hendur og axlir og átti orðið erfitt með þetta.“

Bláminn

Trönurnar tóku við af rennibekknum og Rannveig fór að mála meira en hún hafði gert.

„Ég hafði alltaf málað með en það var svo lítill partur af vinnunni. Svo fór það að taka meira yfir og endaði með því að ég fór alfarið yfir í málverkið. Það er miklu léttari vinna.“

Hún sem elskaði og elskar leirinn og formin sem hún galdrar fram þar er spurð á hvað hún leggi áherslu þegar kemur að málverkinu.

„Ég tek mikið inn á mig þegar ég er að ganga,“ segir Rannveig sem hefur undanfarin ár verið í gönguhópi og gengið á fell, fjöll, hóla og hæðir. „Ég horfi mikið á form. Horfi mikið á ljós og skugga og til dæmis finnst mér vera gaman að horfa á skugga af formum, millirúmsform, sem myndast milli húsa.“

Og hún verður fyrir áhrifum af litum í náttúrunni. Og í borginni og bæjum.

Umhverfið hefur áhrif - litirnir í umhverfinu - hvort sem það er náttúran eða borg og bæir. Hún talar um fjöllin og svarta og mosagræna litinn í því sambandi. „Svo þegar ég horfi á myndirnar mínar þá sé ég oft borgarlandslag; ég sé göturnar og formin en þó enginn annar sjái það þá sé ég það. Það er ómeðvitað og meðvitað sem ég tek inn öll þessi form.

ALLAR MÍNAR MYNDIR ERU Í STERKUM LITUM.

Mér finnst líka gaman að horfa á ljós og skugga.“

Og áhrif ljóss og skugga má sjá í málverkunum. Allavega sumum þeirra.

Hún sagðist vera koloristi og það má sjá í málverkunum.

„Allar mínar myndir eru í sterkum litum.“

Hvaða litur er í uppáhaldi?

„Blár. Ég er hrifin af bláa litnum en græni liturinn laumast svolítið mikið inn.“

Hún talar líka um græna litinn.

„Ég er hrifnafi af bláum þó græni sé að troða sér inn.“

Hún elskaði að búa til listaverk úr leir og hún elskar að mála.

„Það fylgir því gríðarlega mikil gleði að skapa. Ég held að allir sem skapi upplifi þessa gleði.“

Hún hlustaði á Van Morrison þegar hún var að búa til lerirlistaverkin og hún hlustar á Van Morrison á meðan hún málar.

NÚNA ER ÉG AÐ VINNA BARA TIL AÐ GLEÐJA SJÁLFA MIG.

Hefur Rannveigu Tryggvadóttur dreymt listaverk sem hafa orðið að veruleika?

„Mig hefur dreymt liti og séð flæði í litum.“

Hún segist mála núna til þess að gleðjast. „Og núna er ég að vinna bara til að gleðja sjálfa mig. Ég fer á vinnustofuna með engan tilgang nema bara að njóta. Ég er bara að skapa fyrir sjálfa mig og mér er sama hvort ég sel eða ekki. Mér er nákvæmlega sama. Ég er bara að gera þetta fyrir sjálfa mig af því að mér finnst það geggjað að fara á vinnustofuna og mála og hitta stlepurnar sem eru þar líka með vinnustofur. Þetta er bara gert fyrir mig til að njóta og skapa.“



CBD *RVK

CBD
REYKJAVÍK

Kraftur
náttúrunnar í
hverjum dropa

cbdrvk.is

CBD *RVK
Andlitskrem
FACE RESCUE CREAM

CBD *RVK
Líkamskrem
BODY RESCUE LOTION

CBD *RVK
Vöðva og liðkrem
MUSCLE & JOINT CREAM

CBD *RVK
PREMIUM
OLÍA 33%
3300 mg
SÍTRÓNU

CBD *RVK
SPORT
OLÍA 30%
3000 mg
VANILLA

CBD *RVK
PREMIUM
OLÍA 33%
3300 mg
MINTU





Gústav Axel Gunnlaugsson er matgæðingurinn í þetta skiptið. Gústav er sælkeri frá Húsavík sem vann hjörtu og bragðlauka borgarbúa þegar hann opnaði **Sjávargrillið** á Skólavörðustíg, næstum barn að aldri.

Við fengum Gústa til að koma með bæði aðal- og eftirrétt.

Steiktur saltfiskur með basil, hollandaise-sósu, gulrótum & chorizo-skinku

fyrir 4

1 kg þorskhnakkar
3 smjörteningar

Pækill
1 l vatn
100 g salt
4 stk. anís
4 stk. kardimommur

Hitið pækilinn svo saltið leysist upp. Kælið aftur. Leggið þorskhnakka í pækilinn í 3 klst. Skolið síðan fiskinn (ekki útvatna) og skerið í u.þ.b. 4 steikur eða 8 bita. Hitið pönnuna vel setjið olíu á hana, steikið fiskinn á annarri hliðinni í u.þ.b. 2-3 mín. og setjið síðan 3 teninga af smjöri út á pönnuna. Snúið fiskinum við og klárið að elda hann, í 2-3 mín. til viðbótar.

Hollandaise-sósa

4 eggjarauður
400 g brætt smjör
eplaedik
salt

Þeytið eggjarauður yfir vatnsbaði þar til þær byrja að þykkna, hellið þá bræddu smjörinu rólega út í og þeytið áfram. Smakkið til með ediki og salt.

Basilolía

100 g basilíka
50 ml olía

Setjið í blandara í u.þ.b. 2-3 mín. Sigtið olíuna.

Chorizo-skinka

Skerið skinkuna í litla teninga og steikið á pönnu í 2-3 mín.

Gulrætur

gulrætur, íslenskar
olía
hunang
salt og pipar

Setjið gulræturnar á ofnplötu eða í eldfast form og penslið með smávegis af olíu og hunangi. Bakið við 170°C í u.þ.b. 20 mín. Takið úr ofninum, skerið gulræturnar til og kryddið með salti og pipar.

Hvítsúkkulaðimús með hindberjum, heslihnetum & sítrónumarens

fyrir 4

225 g hvítt súkkulaði
1 eggjarauða
1 egg
25 g sykur
400 ml léttþeyttur rjómi
1,5 cl romm
2 ½ stk. matarlímsblöð

Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði. Þeytið saman egg og sykur í hrærivél þar til létt og ljóst og blandið síðan varlega saman við brætt súkkulaði. Hitið rommið í potti og leysið matarlímið upp í því. Blandið síðan öllu varlega saman með sleikju í skál. Bætið léttþeyttum rjóma saman við og hrærið varlega og látið stífna í kæli.

Heslihnetu-crumble

100 g heslihnetur
100 g púðursykur
100 g smjör við stofuhita
100 g hveiti

Blandið öllu saman í hrærivél. Dreifið á plötu klæddri með bökunarpappír og bakið við 160°C í 25-30 mín. Látið kólna.

Hindberjagraníta

500 ml hindberjapúrra (mauk)
200 ml. vatn
1 matarlímsblað
100 g sykur

Leysið upp matarlímið, blandið öllu saman og frystið. Takið úr frysti á u.þ.b. hálftíma til klukkutíma fresti og hrærið þar til hún er frosin í gegn.

Marens

2 eggjahvítur
1 msk. sítrónusafi
150 g sykur

Þeytið allt saman og mótið á smjörpappír, bakið við 140°C í 1 klst. Þurrkið síðan í ofninum við 80°C þar til marensinn er stökkur.





Síðast, en ekki síst
Svanur Már Snorrason

Ferðin mín til Eyja



Ferðin mín til Eyja var ekkert lík ferðinni sem Magnús Kjartansson og félagar í hljómsveitinni Haukum sungu um í laginu Ferðin mín til Frakklands sem kom út á hljómplötunni Fyrst á röngunni árið 1976:

Ég bað hann um að keyra mig á næstu sveitakrá. Þar ég pantaði mér rauðvínsflösku og settist stúlku hjá. Er vakna ég um morguninn og sólin skein um gluggann minn, ég fann að hún var vakandi að strjúka kroppinn minn.

Hættu nú Svanur - við vorum fokking tólf ára!

En, jæja, þá að ferðinni minni til Eyja.

Sumarið 1983 fór ég í fyrsta skipti Vestmannaeyja. Þá var ég í 5. flokki hjá FH í fótbolta og við vorum með ansi gott lið. Eitt af þeim bestu á landinu. Fyrir utan mig þá voru þarna margir skrautlegir og eftirminnilegir karakterar sem voru fjandi góðir fótboltamenn. Til dæmis Hilmar Gunnarsson arkitekt, Magnús Sigmundsson, landsfrægur handboltamarkvörður af bestu gerð, Stephan Stephensen (Stebbi Stef) betur þekktur sem President Bongo, Knútur Sigurðsson, markaskorari í bæði handbolta og fótbolta, og Örvar Hallgrímsson sjóntækjafræðingur sem á og rekur Plusminus Optic í Smáralind, og meira en lunkinn miðjumaður. Og fleiri góðir.

Þjálfarinn okkar var Úlfar heitinn Daníelsson, sem var einmitt frá Vestmannaeyjum - og sá kallaði ekki allt ömmu sína þegar að þrekæfingum og almennri þjálfun kom - afar eftirminnilegur maður sem okkur þótti alltaf mjög vænt um þrátt fyrir eina og eina æfingu sem minntu frekar á þrælabúðir en fótbolta. Blessuð sé minning Úlfars.

Þetta sumarið vorum við í riðli með báðum Eyjaliðunum, sem í meistaraflokki mynduðu saman - og mynda mögulega enn ÍBV - Þór og Týr. Lagt var í hann á föstudegi - snemma, og komið heim síðdegis á sunnudeginum. Farið var með Herjólfi, sem fljótlega eftir að sigling hófst fékk nýtt nafn hjá okkur félögunum, Gubbólfur.

Það var svo sem ekkert slæmt veður eða mikil læti í sjónum - en samt alveg nóg. Litlir pjakkar úr Hafnarfirði fengu þarna flestir sína fyrstu reynslu af sjóferð, og ekki þótti öllum sú reynsla góð.

En ástæðan fyrir því að vanlíðanin kastaðist ansi snögglega yfir flesta okkar var sú að hann Júlli, sem er gæðadrengur og var á yngra ári, tók upp á því að háma í sig heilum pakka af kolsvörtum Sambó-lakkrísreimum. Og þarna voru engin grið gefin; lakkrísinn rann ofan í Júlla eins og síld ofan í sel. Gott ef hann át ekki plastið utan af lakkrísnum líka. En reyndar var það þannig á þessum tíma að maður fékk ekkert nammi eða gos á hverjum degi - langt í frá. Kannski í mesta lagi einu sinni í viku. Og það var góð vika.

Svo fór Júlli að finna til í maganum - eðlilega myndu margir segja - hann var bæði á sjó og hafði súlað í sig nokkrum metrum af lakkrís á skömmum tíma. Fljótlega brast svo stíflan. Júlli byrjaði að æla.

Margir voru orðnir ansi ringlaðir fram að því, en þegar kolsvartur lakkrísinn skilaði sér upp úr Júlla gátum við ekki meir. Og byrjuðum að æla eins og múkkar. Ég held svo sem að það hefði verið óumflýjanlegt - en vegna lakkrísleðjunnar sem vall upp úr Júlla urðu áhrifin ansi sterk.

Þegar komið var til Eyja vorum við flestir ekki mjög upplitsdjarfir né orkumiklir. Þurftum að spila gegn Þór fljótlega eftir komu - sem var fáránlegt; enda töpuðum við, og ég man hreinlega ekkert frá leiknum.

Það voru ekkert nema svartar lakkrísreimar sem voru búnar að liggja í magasýrum sem umvöfðu heila minn, og það var ekkert rými fyrir fótbolta þann daginn.

Eftir að við höfðum jafnað okkur eftir sjóferðina, lakkrísinn og tapið, risum við upp og skemmtum okkur vel í Eyjum. Og upprisa okkar var síðan fullkomnuð á sunnudeginum þegar við unnum Týr, sem var mun betra lið en Þór.

Já, í það heila var ferðin mín til Eyja skemmtileg; en ég get ekki - þrátt fyrir margar tilraunir - gleymt því andartaki þegar lakkrísinn byrjaði að koma sér með hraði upp úr Júlla. Kolsvartar minningarnar neita með öllu að hverfa djúpt inn í undirmeðvitundina og snarhalda kjafti þar.

Já, þannig fór um sjóferð þá.

ÍVAR COLLECTION



BRANDSON

VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN

BRANDSON.IS



NÝTT



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100





